

Ár 2007, fimmtudaginn 28. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arngrími Ísberg, héraðsdómara, sem dóms formanni, Jóni Finnbjörnssyni, héraðsdómara, og Garðari Valdimarssyni, hæsta réttarlögmanni og löggiltum endurskoðanda, kveðinn upp þessi dómur í málinu nr. S-514/2006: Ákærvaldið gegn Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, Tryggva Jónssyni og Jóni Gerald Sullenberger sem tekið var til dóms 13. júní sl.

I

Með ákæru, dagsettri 31. mars 2006, höfðaði settur ríkissaksóknari samkvæmt umboðsskrá opinbert mál á hendur þeim Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, kt. 270168-4509,

Laufásvegi 69, Reykjavík, Tryggva Jónssyni, kt. 140755-2739, Vesturhúsum 22, Reykjavík og Jóni Gerald Sullenberger, kt. 240664-2089, 832 Santiago Street, Coral Gables, Florida, USA.

Ákæran var upphaflega í 19 liðum en með úrskurði 30. júní 2006 vísaði héraðs dómur 1. ákæruliðnum frá dómi og var sá úrskurður staðfestur af Hæstarétti 21. júlí sama ár. Dómur gekk í héraði um þá 18 ákæruliði sem eftir stóðu 3. maí sl. og var 2. – 10. og 19. ákærulið vísað frá dómi svo og ákærulið 15 hvað varðaði ákærða, Jón Gerald. Í 2. – 10. ákærulið er ákærði, Jón Ásgeir, einn ákærður og í 19. ákærulið er ákærði, Tryggvi, einn ákærður. Með dómi Hæstaréttar 1. júní sl. var frávísunin felld úr gildi nema frávísun aðalkröfu samkvæmt 10. ákærulið.

Málið var endurflutt um framangreinda ákæruliði 13. júní sl. auk þess sem eitt vitni var yfirheyrt. Þeir kaflar ákærunnar sem dómur verður nú felldur á eru svohljóðandi:

“II. kafli. Lánveitingar andstæðar lögum um hlutafélög

Ákærða Jóni Ásgeiri eru, sem forstjóra Baugs hf., gefin að sök, í ákæruliðum 2-9, brot gegn lögum um hlutafélög með því að láta veita lán af fjármunum Baugs hf. til Fjárfestingarfélagsgaums ehf., Fjárfars ehf. og Kristínar Jóhannesdóttur á árunum 1999-2001. Baugur hf. var á þessum tíma skráð hlutafélag á aðallista Verðbréfaþings Íslands með dreifða eignaraðild.

Ólögætar lánveitingar til Fjárfestingarfélagsgaums ehf.

2. Ákærða Jóni Ásgeiri er gefið að sök brot gegn hlutafélagalögum með því að hafa, hinn 20. ágúst 1999, látið veita Fjárfestingarfélaginu Gaumi ehf., hluthafa í Baugi hf., lán að fjárhæð kr. 100.000.000 frá Baugi hf., til að fjármagna kaup á hlutafé í Baugi hf., en ákærði var þá jafnframt framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. Lánið var veitt með þeim hætti að millifærðar voru kr. 100.000.000 af bankareikningi Baugs hf., nr. 0527 26 000720, til Íslandsbanka hf., sem greiðsla Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. vegna innheimtu bankans á hlutafjárloforði Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf., að nafnverði kr. 10.000.000, í hlutafjárútbóði Baugs hf. í apríl 1999. Gefin var út skrifleg yfirlýsing Baugs hf. til staðfestingar á lánveitingunni og að lánið bæri 12,2% vexti frá 20. júlí 1999 en gjalddagi ekki tilgreindur. Í bókhaldi Baugs hf. var lánsfjárhæðin eignfærð á viðskiptamannareikning Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. hjá Baugi hf. hinn 23. ágúst 1999. Eftir bókunina stóð skuld Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. á viðskiptamannareikningnum í kr. 182.782.689 en staða á lánardrottnareikningi Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. í bókhaldi Baugs hf. þennan dag nam kr. 131.350.000 sem krafa á Fjárfestingarfélagið Gaum ehf. sem þannig skuldaði Baugi hf. samtals kr. 314.132.689. Dráttarvextir voru ekki greiddir og lánsfjárhæðin ekki innheimt í samræmi við hlutafélagalög. Lán þetta var endurgreitt á tímabilinu 28. október 1999 til 28. júní 2000.

3. Ákærða Jóni Ásgeiri er gefið að sök brot gegn hlutafélagalögum með því að hafa, hinn 11. október 1999, látið veita Fjárfestingarfélaginu Gaumi ehf., hluthafa í Baugi hf., lán að fjárhæð kr. 4.500.000 frá Baugi hf. Lánið var veitt með þeim hætti að millifærðar voru kr. 4.500.000 af bankareikningi Baugs hf., nr. 1150 26 000077, á bankareikning Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf., nr. 0527 26 001099, vegna kaupa þess félags á hluta fasteignarinnar að Viðarhöfða 6, Reykjavík. Gefin var út skrifleg yfirlýsing Baugs hf. til staðfestingar á lánveitingunni og að lánið bæri 11,5% vexti frá 1. október 1999. Gjalddagi var ekki tilgreindur. Í bókhaldi Baugs hf. var lánsfjárhæðin eignfærð á viðskiptamannareikning Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. Eftir bókunina stóð skuld Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. á viðskiptamannareikningnum í kr. 187.665.005 en staða á lánardrottnareikningi Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. í bókhaldi Baugs hf. þann dag nam kr. 3.650.000, sem skuld Baugs hf. við Fjárfestingarfélagið Gaum ehf., sem þannig skuldaði Baugi hf. samtals kr. 184.015.005. Lánsfjárhæðin var ógreidd 28. ágúst 2002.

4. Ákærða Jóni Ásgeiri er gefið að sök brot gegn hlutafélagalögum með því að hafa, hinn 3. desember 1999, látið veita Fjárfestingarfélaginu Gaumi ehf., hluthafa í Baugi hf., lán að fjárhæð kr. 8.000.000 frá Baugi hf. Lánið var veitt með þeim hætti að millifærðar voru kr. 8.000.000 af bankareikningi Baugs hf., nr. 0527 26 000720, til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, vegna kaupa Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. á helmingi hlutafjár í Viðskiptatrausti ehf., sem var í eigu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Lánið var veitt án skriflegra gagna um endurgreiðslu og greiðslukjör. Í bókhaldi Baugs hf. var lánsfjárhæðin eignfærð á viðskiptamannareikning Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. hjá Baugi hf. Eftir bókunina stóð skuld Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. á viðskiptamannareikningnum í kr. 168.031.286. Lánardrottnareikningur

Fjárfestingarfélagssins Gaums ehf. í bókhaldi Baugs hf. stóð á núlli þennan dag. Þetta lán var gert upp 30. júní 2000 án vaxta.

5. Ákærða Jóni Ásgeiri er gefið að sök brot gegn hlutafélagalögum með því að hafa hinn 13. febrúar 2001, látið veita Fjárfestingarfélaginu Gaumi ehf., hluthafa í Baugi hf., lán að fjárhæð kr. 50.529.987 til að fjármagna kaup á hlutum í Baugi hf. Lánið var veitt með þeim hætti að Fjárfestingarfélagið Gaumur ehf. skráði sig fyrir hlutafé í Baugi hf. að verðmæti kr. 340.529.987 í hlutafjárútbóði í félaginu í desember árið 2000. Þar af voru greiddar kr. 290.000.000 til Baugs hf. en eftirstöðvarnar, kr. 50.529.987, voru ekki greiddar heldur var lánsfjárhæðin eignfærð á viðskiptamanna reikning Fjárfestingarfélagssins Gaums ehf. í bókhaldi Baugs hf. 13. febrúar 2001. Eftir bókunina stóð skuld Fjárfestingarfélagssins Gaums ehf. á viðskiptamanna reikningnum í kr. 145.871.863. Í bókhaldi Baugs hf. stóð lánardrottnareikningur Fjárfestingarfélagssins Gaums ehf. á núlli þennan dag. Lánið var veitt án skriflegra gagna um endurgreiðslu og greiðslukjör og lánsfjárhæðin ekki innheimt í samræmi við hlutafélagalög. Lánsfjárhæðin var ógreidd 28. ágúst 2002.

6. Ákærða Jóni Ásgeiri er gefið að sök brot gegn hlutafélagalögum með því að hafa hinn 18. maí 2001, látið veita Fjárfestingarfélaginu Gaumi ehf., hluthafa í Baugi hf., lán að fjárhæð kr. 100.000.000 frá Baugi hf. Lánið var veitt með þeim hætti að millifærðar voru kr. 100.000.000 af bankareikningi Baugs hf., nr. 0527 26 000720, inn á bankareikning nr. 0527 26 001099 í eigu Fjárfestingarfélagssins Gaums ehf. Gefin var út skrifleg yfirlýsing, undirrituð af hálfu Baugs hf., til staðfestingar á lán veitingunni. Þar kom fram að lánið skyldi endurgreiða 15. júní 2001 og að lánið bæri 16% vexti auk kr. 300.000 álags. Í bókhaldi Baugs hf. var lánsfjárhæðin eignfærð á viðskiptamannareikning Fjárfestingarfélagssins Gaums ehf. Eftir bókunina stóð skuld Fjárfestingarfélagssins Gaums ehf. á viðskiptamanna reikningnum í kr. 262.836.989. Lánardrottnareikningur Fjárfestingarfélagssins Gaums ehf. í bókhaldi Baugs hf. stóð á núlli þennan dag. Lánsfjárhæðin var ógreidd 28. ágúst 2002.

Ólögmetar lánveitingar til Fjárfars ehf.

7. Ákærða Jóni Ásgeiri er gefið að sök brot gegn hlutafélagalögum með því að hafa, hinn 16. maí 2000, látið veita Fjárfari ehf., hluthafa í Baugi hf., lán að fjárhæð kr. 64.500.000 frá Baugi hf. til að fjármagna kaup á hlutfé í Baugi hf. af félaginu að nafnvirði kr. 5.000.000 en að verðmæti kr. 64.500.000. Hlutaféð var selt í samræmi við óundirritaðan, skriflegan samning þessara aðila, dagsettan 16. maí 2000, þar sem fram kom að kaupverðið skyldi greiða 2. júní 2000 en engin greiðsla fór þá fram og engin tilraun gerð til innheimtu lánsins. Í bókhaldi Baugs hf. var lánsfjárhæðin eignfærð á viðskiptamannareikning Fjárfars ehf. 16. maí 2000 og var um að ræða fyrstu færslu á þeim viðskiptamannareikningi. Lánsfjárhæðin var ógreidd 28. ágúst 2002.

8. Ákærða Jóni Ásgeiri er gefið að sök brot gegn hlutafélagalögum með því að hafa, hinn 13. febrúar 2001, látið veita Fjárfari ehf., hluthafa í Baugi hf., lán að fjárhæð kr. 85.758.591 til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu. Lánið var veitt með þeim hætti að Fjárfar ehf. skráði sig fyrir hlutafé í Baugi hf. að verðmæti kr. 85.758.591 í hlutafjárútboði í félaginu í desember árið 2000. Ekki var greitt fyrir hlutaféð og lánsfjárhæðin ekki innheimt í samræmi við hlutafélagalög. Lánsfjárhæðin var ógreidd hinn 28. ágúst 2002. Í bókhaldi Baugs hf. var lánsfjárhæðin eignfærð á viðskiptamannareikning Fjárfars ehf. 13. febrúar 2001. Eftir bókunina stóð skuld Fjárfars ehf. á viðskiptamannareikningnum í kr. 194.350.540.

Ólögmat lánveiting til Kristínar Jóhannesdóttur.

9. Ákærða Jóni Ásgeiri er gefið að sök brot gegn hlutafélagalögum með því að hafa, hinn 13. febrúar 2001, látið veita Kristínu Jóhannesdóttur, hluthafa í Baugi hf., lán að fjárhæð kr. 3.786.727 til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu. Lánið var veitt með þeim hætti að Kristín Jóhannesdóttir skráði sig fyrir hlutafé í Baugi hf. að verðmæti kr. 3.786.727 í hlutafjárútboði í félaginu í desember árið 2000. Ekki var greitt fyrir hlutaféð og lánsfjárhæðin ekki innheimt í samræmi við hlutafélagalög. Lánsfjárhæðin var ógreidd 28. ágúst 2002. Í bókhaldi Baugs hf. var lánsfjárhæðin eignfærð á viðskiptamannareikning Kristínar 13. febrúar 2001 og var það fyrsta færslan á þeim reikningi.

Brot ákærða Jóns Ásgeirs samkvæmt ákæruliðum 3, 4 og 6 teljast varða við 1. mgr. 104. gr., sbr. 2. tl. 153. gr., laga um hlutafélög nr. 2/1995 en brot ákærða samkvæmt ákæruliðum 2, 5, 7, 8 og 9 teljast varða við 2. mgr. 104. gr., sbr. 2. tl. 153. gr., laga um hlutafélög nr. 2/1995.

III. kafli. Meiri háttar bókhaldsbrot, rangfærsla skjala og brot gegn lögum um hlutafélög

Ákærðu Jóni Ásgeiri, forstjóra Baugs hf., og Tryggva, aðstoðarforstjóra Baugs hf., eru í ákæruliðum 10-16 gefin að sök meiri háttar bókhaldsbrot með því að hafa á árunum 2000 og 2001 rangfært bókhald Baugs hf., átt þátt í að búin voru til gögn sem áttu sér ekki stöð í viðskiptum við aðra aðila og hagað bókhaldinu með þeim hætti að það gaf ranga mynd af viðskiptum og notkun fjármuna. Auk þess er ákærða Jóni Ásgeiri í ákærulið 10 gefin að sök ólögmat lánveiting.

Jafnframt er ákærða Jóni Ásgeiri í ákæruliðum 10-16 gefin að sök rangfærsla skjala og brot gegn hlutafélagalögum með því að láta, sem forstjóri Baugs hf., senda frá Baugi hf. til Verðbréfaþings Íslands opinberar tilkynningar sem ákærða var ljóst að voru rangar. Um var að ræða tilkynningu, birta 28. ágúst 2000, um afkomu félagsins á fyrstu 6 mánuðum ársins 2000, tilkynningu, birta 19. mars 2001, um afkomu félagsins á árinu 2000 og tilkynningu, birta 3. september 2001, um afkomu

félagsins á fyrstu sex mánuðum ársins 2001. Með þessum röngu, opinberu tilkynningum sem byggðust á niðurstöðum árshlutareikninga og ársreiknings Baugs hf. skýrði ákærði Jón Ásgeir vísvitandi og í blekkingarskyni rangt frá högum Baugs hf. á opinberum vettvangi og skapaði vísvitandi rangar hugmyndir um hag félagsins þannig að áhrif gat haft á sölu eða söluverð hluta í félaginu.

Ákærða Jóni Gerald Sullenberger er í ákærulið 15 gefið að sök brot gegn 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög um bókhald, með því að hafa á árinu 2001 aðstoðað ákærðu Jón Ásgeir og Tryggva við að rangfæra bókhald Baugs hf. með því að búa til gögn sem áttu sér ekki stoð í viðskiptum.

Rangar færslur á fyrri helmingi ársins 2000 höfðu þau áhrif á árshlutareikning Baugs hf. fyrir fyrstu sex mánuði þess árs að hagnaður fyrir skatta og afskriftir (EBITDA-hagnaður) var u.þ.b. 13 milljónum kr. hærri en ella hefði verið, sem samsvarar 1,7% hækkun EBITDA-hagnaðar. Hagnaður eftir skatta var u.þ.b. 60 milljónum kr. hærri en ella hefði verið, sem samsvarar 26% hækkun hagnaðar, og eigið fé var 1,7% herra en ella hefði verið.

Rangar færslur á árinu 2000 höfðu þau áhrif á ársreikning Baugs hf. fyrir árið 2000 að hagnaður fyrir skatta og afskriftir (EBITDA-hagnaður) var u.þ.b. 53 milljónum kr. hærri en ella hefði verið, sem samsvarar 3,2% hækkun EBITDA-hagnaðar. Hagnaður eftir skatta var u.þ.b. 203 milljónum kr. hærri en ella hefði verið, sem samsvarar 52% hækkun hagnaðar, og eigið fé var 4,1% herra en ella hefði verið.

Rangar færslur á fyrri helmingi ársins 2001 höfðu þau áhrif á árshlutareikning Baugs hf. fyrir fyrstu sex mánuði þess árs að hagnaður fyrir skatta og afskriftir (EBITDA-hagnaður) var u.þ.b. 108 milljónum kr. hærri en ella hefði verið, sem samsvarar 15,6% hækkun EBITDA-hagnaðar. Hagnaður eftir skatta var u.þ.b. 76 milljónum kr. hærri en ella hefði verið, sem samsvarar 25,6% hækkun hagnaðar og eigið fé var 0,7% herra en ella hefði verið.

Meiri háttar bókhaldsbrot og rangar tilkynningar til Verðbréfaþings Íslands um afkomu Baugs hf. á árinu 2000.

10. Ákærða Jóni Ásgeiri er gefið að sök meiri háttar bókhaldsbrot með því að láta, færa í bókhaldi Baugs hf. 30. júní 2000 sölu á hlutfé Baugs hf. í Baugi.net ehf., að nafnverði kr. 2.500.000 til Fjárfars ehf., sem ákærði stjórnaði og réð yfir, fyrir kr. 50.000.000. Í bókhaldi Baugs hf. voru kr. 2.500.000 færðar til lækkunar á hlutabréfaeign en kr. 47.500.000 sem tekjur af sölu hlutabréfa. Fjárfar ehf. greiddi ekki fyrir hlutaféð og voru kr. 50.000.000 eignfærðar í bókhaldi Baugs hf. á viðskiptareikning Fjárfars ehf. Bókhaldsfærslurnar voru byggðar á samningi milli Baugs hf. og Fjárfars ehf., dagsettum 16. júní 2000, um umrædd hlutafjárkaup. Viðskipti félaganna með hlutaféð gengu ekki eftir og bakfærsla var gerð í bókhaldi Baugs hf. hinn 21. febrúar 2002 með þeim hætti að eign Baugs hf. á viðskiptareikningi Fjárfars ehf. var lækkuð um kr. 50.000.000, nafnverð hlutafjár í Baugi.net ehf. kr. 2.500.000 eignfært en hagnaður af sölu hlutabréfa, kr. 47.500.000, gjaldfærður. Þessi færsla var síðan leiðrétt 28. febrúar 2002 og gjald

færslunni var breytt í eignfærslu að fjárhæð kr. 47.500.000 og stóð þannig bókfærður söluhagnaður óhaggaður.”

“Til vara er ákærða gefið að sök brot gegn hlutafélagalögum með því að hafa lánað Fjárfari ehf. kaupverð hlutafjárins, kr. 50.000.000. Í bókhaldi Baugs hf. var krafa félagsins eignfærð á viðskiptamannareikning Fjárfars ehf. 30. júní 2000. Eftir bókunina stóð skuld Fjárfars ehf. á viðskiptamannareikningnum í kr. 114.500.000.”

“Meiri háttar bókhaldsbrot og rangar tilkynningar til Verðbréfaþings Íslands um afkomu Baugs hf. á fyrstu sex mánuðum ársins 2001.

15. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva er gefið að sök meiri háttar bókhaldsbrot með því að hafa látið rangfæra bókhald Baugs hf., átt þátt í að búin væru til gögn sem ekki áttu sér stoð í viðskiptum við aðra aðila og hagað bókhaldi Baugs hf. með þeim hætti að það gæfi ranga mynd af viðskiptum og notkun fjármuna. Þetta gerðu þeir með því að láta færa til eignar (.....) í bókhaldi Baugs hf. og til tekna hjá Baugi hf., sem lækkuð vörukaup, kr. 61.915.000 á grundvelli rangs og tilhæfulauss kreditreiknings (afsláttarreiknings) frá Nordica Inc., Miami í Flórída í Bandaríkjunum, dagsetts 30. ágúst 2001, að fjárhæð USD 589.890, sem jafngilti kr. 61.915.000 á færsludegi.

Ákærða Jóni Gerald Sullenberger er gefið að sök að hafa aðstoðað ákærðu Jón Ásgeir og Tryggva við að rangfæra bókhald Baugs hf. og stuðlað að bókhaldsbroti þeirra með því að útbúa framangreindan kreditreikning að tilhlutan ákærða Jóns Ásgeirs og samkvæmt fyrirsögn ákærða Tryggva. Reikningurinn átti sér ekki stoð í viðskiptum þeirra félaga sem ákærðu voru í fyrirsvári fyrir.

Samtala þessa kreditreiknings frá Nordica Inc. og þeirrar fjárhæðar sem kom fram í yfirlýsingu frá P/F SMS í Færeyjum að jafnvirði kr. 46.679.000 var vegna mistaka færð öfugt í bókhald Baugs hf., með færsludegi 30. júní 2001, sem kostnaðarfærsla í stað tekjufærslu með textaskýringunni ”Lokaf. Kreditreikn. skv. JÁJ KSV”. Fylgiskjal í bókhaldi að baki færslunni er lokafærslublað frá endurskoðendum félagsins, dagsett 27. september 2001. Færslan var síðar leiðrétt með fskj. nr. I00751, dags 30.06.2001, með texta: „leiðr.lokafærsla v/bókað öfugt” Áhrif af færslunum á bókhald Baugs hf. var því eftirfarandi:

Bókhaldslykill	Heiti lykils	Debet	Kredit
----------------	--------------	-------	--------

F 19922	Tekjur utan samstæðu (rekstrarreikn.)		108.594.000
F 73112	Biðreikningur (efnahagsreikningur)	108.594.000	

Í árslok 2001 var tekjufærslan lækkuð um kr. 13.321.000 og sama fjárhæð færð til lækkunar eignfærðri kröfu á biðreikningi. Tekjufærslan var síðar lækkuð um samtals kr. 49.500.000 í bókhaldi Baugs hf. þannig að kr. 4.500.000 voru gjaldfærðar mánaðarlega (lotaðar) í bókhaldi Baugs hf. í ellefu skipti frá og með 16. apríl 2002. Færslur vegna þessa kreditreiknings voru gerðar í bókhaldi aðalskrifstofu Baugs hf.”

“Brot ákærða Jóns Ásgeirs samkvæmt ákærulið 10 telst til vara varða við 1. mgr. 104. gr., sbr. 2. tl. 153. gr., hlutafélagalaga nr. 2/1995.”

“Brot ákærða Jóns Geralds, samkvæmt ákærulið 15, telst varða við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. mgr. 37. gr., sbr. 8. gr., sbr. 36. gr., laga nr. 145/1994 um bókhald.”

Fjárdráttur í tengslum við skemmtibátinn Thee Viking og notkun greiðslukorts.

“19. Ákærða Tryggva er gefinn að sök fjárdráttur með því að hafa dregið sér samtals kr. 1.315.507 á tímabilinu frá 11. janúar 2000 til 12. febrúar 2002, þegar ákærði lét Baug hf. greiða félaginu Nordica Inc. í Bandaríkjunum í 13 skipti reikninga sem gefnir voru út af Nordica Inc. á hendur Baugi hf., vegna persónulegra útgjalda ákærða sem voru Baugi hf. óviðkomandi. Ákærði stofnaði einkum til útgjaldanna erlendis með úttektum á American Express greiðslukorti í reikning Nordica Inc., sem það lagði út fyrir og innheimti síðan hjá Baugi hf., samkvæmt fyrirmælum ákærða. Skýringartexti reikninganna gaf til kynna að þeir væru vegna ferða- og dvalarkostnaðar erlendis. Úttektirnar voru í raun vegna kaupa Tryggva á varningi og þjónustu í eigin þágu, meðal annars í tónlistarverslunum, tískuvöruverslunum, golfvöruverslun, skemmtigarði, veitingastöðum og vegna kaupa á sláttudráttarvél. Ákærði, sem var aðstoðarforstjóri Baugs hf. á þessum tíma, hafði til afnota greiðslukort frá Baugi hf. til þess að greiða með kostnað vegna

rækslu starfa í þágu félagsins erlendis. Ákærði áritaði alla 13 reikningana um samþykki, en þeir voru án fylgigagna og samtals að fjárhæð 14.354,10 USD, og lét færa þá til gjalda í bókhaldi Baugs hf. sem „Ferðakostnaður erlendis án vsk“ eða sem „Tæknileg aðstoð án vsk“. Gjaldfærður kostnaður í bókhaldi Baugs hf. vegna þessara reikninga var samtals kr. 1.315.507 og er þá útlagður bankakostnaður aðeins talinn með í þeim tilvikum sem annar kostnaður var ekki greiddur á sama tíma.

Í neðangreindri töflu eru fjárdráttartilvikin sundurliðuð:

Dags. reiknings	Nr.	Texti reiknings	Fjárhæð reiknings í USD	Dags. greiðslu	Gjaldfærður kostnaður í kr.
31.12.1999	99107	Hotel and travel exp. Dec 99	329,58	11.01.2000	24.678
05.05.2000	49	Travel and trans- portation services	548,90	18.05.2000	43.596
07.09.2000	95	Travel expenses for July and August 2000	2.220,00	11.09.2000	186.636
10.10.2000	108	Travel lodging and telephone exp. Sep 2000	638,31	17.10.2000	55.420
11.01.2001	5	Hotel and travel exp.	270,00	29.01.2001	23.328
08.02.2001	26	Hotel and traveling expense January 01 to 31 2001	2.333,33	12.02.2001	201.536
05.04.2001	77	Travel expenses for March 2001	3.813,23	18.04.2001	354.173
16.07.2001	169	Travel expenses for June 2001	1.525,78	25.07.2001	155.357

04.09.2001	199	Food/beverage and traveling expenses	445,55	14.09.2001	44.056
26.09.2001	206	Travel expenses for September 2001	1.209,99	01.10.2001	121.785
27.11.2001	239	Travel expenses for November 2001	247,04	03.12.2001	26.372
03.01.2002	247	Travel expenses for November 2001 and December 2001	458,81	10.01.2002	46.789
29.01.2002	254	Travel expenses for January 2002	313,58	12.02.2002	31.781
		Samtals :	14.354,10		1.315.507

 “Brot ákærða Tryggva, samkvæmt ákæruliðum 18 og 19, teljast varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar fyrir framangreind brot.”

Ákærðu neita sök og hafa verjendur þeirra krafist sýknu og að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun þeirra, verði greiddur úr ríkissjóði.

II

Ákæruliðir 2 til 9 og varakrafa samkvæmt ákærulið 10.

Í þessum kafla ákærunnar og í ákærulið 10 í III. kafla er ákærða Jóni Ásgeiri gefið að sök brot gegn lögum um hlutafélög nr. 2 1995 með því að láta veita lán af fjármunum Baugs hf. til Fjárfestingafélagsins Gaums ehf., Fjárfars ehf. og Kristínar Jóhannsdóttur á árunum 1999-2001. Í 1. mgr. 104. gr. nefndra laga er m.a. lagt bann við því að hlutafélag veiti hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins lán, og í 2. mgr. sömu greinar er hlutafélagi m.a. bannað að veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða leggja fram fé í tengslum við slík kaup. Tekið er fram í 1. málsgreininni að bann hennar við lánveitingum taki þó ekki til viðskiptalána.

Í ákæruliðum 2 til 10 getur því reynt á skýringu á merkingu orðanna “lán” og “viðskiptalán”. Við skýringu á merkingu þessara orða er óhjákvæmilegt að taka mið af því að í málinu reynir á þau eingöngu við úrlausn þess hvort ákærði hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi.

Þetta hefur verið skýrt svo að hlutafélag teljist hafa veitt lán í þessum skilningi þegar það hefur greitt hluthafa eða stjórnanda félags peningaupphæð eða ígildi hennar eða látið af hendi til þeirra önnur fjárhagsleg verðmæti með áskilnaði um endurgreiðslu peningaupphæðarinnar eða ígildis hennar eða skil á verðmætum. Að jöfnu við þetta megi, m.a., leggja ef félag hefur með sama áskilnaði innt af hendi peningagreiðslu til þriðja manns til að efna skyldu, sem hvílt hefur gagnvart honum á félagsaðila, en með því megi líta svo á að lán hafi verið veitt þeim, sem greiðsla var til hagsbóta fyrir. Þá hefur verið litið svo á að færslur á viðskiptareikningum hlutafélags á grundvelli reikninga og kaupsamninga, þar sem hönd hefur ekki selt hendi, vegna vöruúttekta og með greiðslu krafna á hendur hlutafélagi, sem félagið virðist hafa talið sig eiga framkröfu fyrir, teljist ekki hafa komið til með veitingu láns í áðurgreindum skilningi. Í athugasemdum við 1. mgr. þeirrar greinar sem nú er 104. gr. hlutafélagalaga segir að ákvæðið taki til láns í peningum eða ígildi þeirra en nái þó ekki til venjulegra viðskiptalána. Samkvæmt 15. grein laga nr. 145/1994 um bókhald er gert ráð fyrir því að haldinn sé sérstakur viðskiptamannareikningur fyrir viðskipti við hvern viðskiptamann, önnur en þau sem hönd selur hendi. Staðan á viðskiptamannareikningi í lok reikningsárs fellur undir viðskiptakröfur undir liðnum skammtímakröfur í veltufjármunum, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Með viðskiptakröfu eða viðskiptaláni er venjulega átt við hvers konar fjárhæðir sem viðskiptamaður fyrirtækis skuldar því vegna kaupa hans á vörum eða þjónustu frá því út í reikning.

Ákæruliður 2.

Í þessum ákærulið er ákærða gefið að sök brot gegn hlutafélagalögum með því að hafa, 20. ágúst 1999, látið veita Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf., hluthafa í Baugi hf., lán að fjárhæð kr. 100.000.000 frá Baugi hf. til að fjármagna kaup á hlutafé í Baugi hf., en ákærði var þá jafnframt framkvæmdastjóri Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. Í ákæruliðnum er þessari ætluðu ólögsmætu lánveitingu lýst. Gaumur ehf. var í eigu ákærða og fjölskyldu hans

Meðal gagna málsins er skjal sem ber heitið, Staðfesting á lánveitingu. Í texta þess segir að lántaki sé Gaumur ehf., tímabil sé frá 20. ágúst 1999 og fjárhæð 100.000.000. Vextir eru 12,20% og reiknast frá 20. júlí 1999. Þá er tilgreindur sami bankareikningur og í ákæru og loks segir, Greiðsla til Íslandsbanka v/hlutfjárútboðs fyrir Gaum hf. Undir skjalið ritar Linda J. fyrir hönd Baugs hf., en enginn undirritar fyrir hönd Gaums ehf. Þá eru og meðal gagna málsins skjöl er sýna að 23. ágúst 1999 var framangreind fjárhæð færð af reikningi Baugs hf. í Íslandsbanka hf. til Íslandsbanka hf. sem greiðsla Gaums ehf. vegna innheimtu bankans á hlutfjárlofordi Gaums ehf. að nafnverði 10.000.000 í hlutfjárútboði Baugs hf. í apríl 1999.

Ákærði bar að um hafi verið ræða viðskiptalán er tengdist viðskiptum í sambandi við svonefndan “franchise” rétt fyrir Debenhams. Hann kannaðist ekki við að hafa áður séð skjalið sem ber heitið Staðfesting á lánveitingu og gat ekki borið um önnur skjöl er tengjast þessum ákærulið, en kvað Gaum ehf. hafa verið að kaupa hlutabréf í Baugi hf. til að uppfylla samning Baugs hf. við Smáralind eða félag á vegum Smáralindar. Ekki mundi ákærði hver hafi tekið ákvörðunina um hlutfjárkaupin en kvað föður sinn, Jóhannes Jónsson, hafa verið framkvæmdastjóra Gaums ehf. á þessum tíma. Fjármálasvið Baugs hf. hafi annast um færslur í bókhald félagsins. Nánar bar ákærði að þessi færsla tengdist samningi sem gerður hafi verið við Smáralind um að Baugur hf. tæki á leigu 1.000 fermetra verslun fyrir Hagkaup. Síðar var svo rætt um að félagið fengi sérvöruleyfi fyrir Debenhams og að NRP ehf. fengi að kaupa 10 milljónir, að nafnverði, í Baugi hf. og væri það greiðsla fyrir sérleyfissamninginn. Samið hafi verið um gengið 9 fyrir hlutaféð og að Gaumur ehf. yrði milliliður í viðskiptunum. Þetta hafi síðan gerst þannig að Gaumur ehf. hafi skrifað sig fyrir 10 milljónum í hlutfjárútboðinu sem hafi runnið til NRP ehf. er hafi greitt beint inn á reikning Baugs hf. 90 milljónir. Baugur hf. hafi síðan greitt Gaumi ehf. mismuninn, 10 milljónir, fyrir Debenhams sérleyfið. Ákærði kvaðst hafa séð um það af hálfu Baugs hf. að efna samninginn við NRP ehf.

Tryggvi Jónsson, sem ekki er ákærður í þessum kafla ákærunnar, var aðstoðar forstjóri Baugs hf. á þessum tíma og bar meðal annars ábyrgð á fjármálasviði félagsins. Hann bar að hann myndi ekki eftir gerð framangreinds skjals, hann hefði ekki komið að gerð þess. Hann bar á sama hátt og ákærði um viðskiptin sem tengdust þessu og hvernig þau vörðuðu öflun Baugs hf. á Debenhams sérleyfinu.

Vitnið, Stefán Hilmarsson, endurskoðandi Baugs hf., hefur borið að Gaumur ehf. hafi riðið á vaðið í viðskiptum við þá aðila sem voru handhafar eða umboðsaðilar vörumerkisins Debenhams en síðar hafi svo Baugur hf. komið að málinu.

Linda Jóhannsdóttir, er var fjármálastjóri Baugs hf. á þessum tíma, bar að hún hefði útbúið skjalið með heitinu, Staðfesting á lánveitingu, til að nota sem fylgiskjal í bókhaldinu, en hún hafi ekki haft nein önnur gögn um þessa færslu. Sem fyrirmynd hafi hún notað skjöl frá bönkum og skjalið hafi verið fylgiskjal með bankareikningnum til að hún vissi hvert greiðslan hefði runnið. Vextirnir hefðu verið markaðsvextir á þessum tíma. Hún kveðst sjálf hafa tekið ákvarðanir varðandi þessa færslu, en ekki fengið fyrirmæli um hana frá öðrum. Hún kvaðst ekki muna til hvers verið var að færa fjármuni til Gaums ehf. eða annað sem

tengdist viðskiptunum.

Meðal gagna málsins er einnig kaupsamningur frá 15. nóvember 1999 milli NRP ehf. og Gaums ehf., en samkvæmt honum selur Gaumur ehf. NRP ehf. hlutabréf í Baugi hf. að nafnverði 10 milljónir króna á 90 milljónir króna. Í bréfi sem Pálmi Kristinsson, sem var framkvæmdastjóri NRP ehf. á þessum tíma, ritar ríkislögreglustjóra 12. maí 2005 segir að viðskiptin með hlutabréfin í Baugi hf. samkvæmt kaupsamningnum hafi verið “vegna “óbeins framsals” NRP ehf. á sérleyfissamningi við Debenhams plc yfir til Baugs hf. Upphaflega var gengið frá munnlegu samkomulagi á milli NRP ehf. og Baugs hf. um framsalið og um sérstakt endurgjald fyrir það í formi kaupréttarins á umræddum hlutabréfum. Síðar kom í ljós að Baugur hf. átti ekki eigin hlutabréf til að afhenda NRP ehf. og var gengið frá framangreindum kaupsamningi við Gaum ehf. sem þá var stærsti hluthafi Baugs hf. Framangreindar greiðslur frá NRP ehf. vegna kaupanna fóru inn á bankareikning Baugs hf. eins og upphaflegt samkomulag NRP ehf. og Baugs hf. gerði ráð fyrir. Tekið skal fram að Debenhams plc var ekki aðili að framangreindum samningum á milli hinna íslensku aðila. Gerður var samningur á milli NRP ehf. og Debenhams plc um slit á fyrri samningi þeirra og í framhaldi af því var gengið frá sérleyfissamningi milli Baugs hf. og Debenhams plc.” Pálmi bar efnislega á sama veg og í bréfinu greinir. Hann kvað greiðslur samkvæmt kaupsamningnum hafa runnið til Baugs hf. þótt ekki sé ákvæði um það í samningnum.

Þá er meðal gagna málsins skýrsla endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte frá 27. maí 2005, unnin af endurskoðendunum Sigurði Heiðari Steindórssyni og Sif Einars dóttur um greiningu á bókhaldsfærslum á viðskiptamanna- og lánadrottnareikningum Gaums ehf. í bókhaldi Baugs hf.

Samkvæmt framansögðu hafði NRP ehf. gert sérleyfissamning við Debenhams plc hér á landi. NRP ehf. samdi síðan um það við Baug hf. að falla frá þessum samningi til hagsbóta fyrir Baug hf. gegn því að Baugur hf. seldi fyrrnefnda félaginu hluti í sjálfu sér á undirverði, nánar tiltekið að nafnverði 10 milljónir króna á genginu 9 í stað útboðsgengisins 10. Þar eð Baugur hf. átti á þessum tíma enga hluti í sjálfu sér var Gaumur ehf. látið afhenda NRP ehf. þessa 10 milljón hluti, sem Gaumur ehf. hafði sem áður segir skráð sig fyrir á genginu 10 eða fyrir 100 milljónir króna. Þess vegna lagði Baugur hf. út fyrir Gaum ehf. þessar 100 milljónir króna til þess að Gaumur ehf. gæti efnt hlutafjárloforð sitt við umsýjaraaðila hlutafjárútboðs Baugs hf., Íslandsbanka hf. Nefndir hlutir voru síðan afhentir NRP ehf. á undirverði á genginu 9 eða á 90 milljónir króna.

Samkvæmt framangreindri skýrslu endurskoðendanna greiddi NRP ehf. kaup verð hlutanna með þremur greiðslum, eða 28. október 1999 15 milljónir króna, 2. nóvember 1999 15 milljónir króna og 28. júní 2000 60 milljónir króna. Þessar endurgreiðslur koma allar beint frá NRP ehf. inn á bankareikning Baugs hf., en Baugur hf. færir þær til lækkunar á viðskiptareikningi Gaums ehf. hjá Baugi hf. Auk þess færir Baugur hf. til tekna vaxtatekjur að fjárhæð 8.242.952 krónur sem viðskiptareikningur Gaums ehf. er skuldaður fyrir. Mismunurinn á útboðsverði hlutanna og undirverðinu til NRP ehf., 10 milljónir króna, var síðar færður til eignar í bókhaldi Baugs hf. sem stofnkostnaður, en á móti til lækkunar viðskiptareikningi Gaums ehf. hjá Baugi hf., samkvæmt upplýsingum endurskoðanda Baugs hf.

Miðað við kaupsamninginn frá 15. nóvember 1999 milli NRP ehf. og Gaums ehf. um sölu Gaums ehf. á hlutum í Baugi hf. að nafnverði 10 milljónir króna fyrir 90 milljónir króna og þann færslumáta sem hafður var á í bókhaldi Baugs hf. varðandi þær 100 milljónir króna sem Baugur hf. greiddi fyrir hönd Gaums ehf. til Íslandsbanka, sem sá um innheimtu hlutafjárskriftar Baugs hf. á árinu 1999 verður að telja sannað að Baugur hf. hafi lánað eða lagt Gaumi ehf. til fé til að fjármagna kaup Gaums ehf. á nefndum hlutum í Baugi hf. Þá er það mat dómsins að jafnvel þótt talið væri að NRP ehf. væri kaupandi hlutanna beint frá Baugi hf. er ljóst að það er Baugur hf. sem fjármagnar kaupin. Með hliðsjón af því að undantekning 1. mgr. 104. gr. hlutafélagalaga um viðskiptalán tekur efni sínu samkvæmt eingöngu til þeirrar málsgreinar, verður að telja að nefnd fjármunatilfærsla Baugs hf. til hluthafans Gaums ehf. að fjárhæð 100 milljónir króna sé andstæð 2. mgr. 104. gr. hlutafélagalaga sem leggur bann við lánum hlutafélags og framlagningu fjár til að fjármagna kaup á hlutum í því.

Ákæruliður 3.

Í þessum ákærulið er ákærða gefið að sök brot gegn hlutafélagalögum með því að hafa, 11. október 1999, látið veita Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf., hluthafa í Baugi hf., lán að fjárhæð 4.500.000 krónur frá Baugi hf. eins og nánar greinir í ákærunni. Samkvæmt ákærunni var lánið veitt með þeim hætti að millifærðar voru 4.500.000 krónur af bankareikningi Baugs hf. á bankareikning Gaums ehf. vegna kaupa þess félags á hluta fasteignarinnar að Viðarhöfða 6, Reykjavík.

Með kaupsamningi 8. júlí 1999 kaupir Gaumur ehf. hluta í fasteigninni að Viðarhöfða 6 af Róða ehf. fyrir 27 milljónir króna. Við gerð kaupsamningsins og af hendingu voru greiddar 4.500.000 krónur og 7. október sama ár voru greiddar 4.177.48 krónur, en að öðru leyti var kaupverðið greitt með yfirtöku skulda. Fyrir hönd Gaums ehf. ritar Unnur Sigurðardóttir undir samninginn, en hún starfaði á þessum tíma sem ritari ákærða. Unnur bar að hún hefði á þessum tíma haft prókúru fyrir ávísanahefti Gaums ehf., en að öðru leyti gat hún ekki um málavexti borðið.

Meðal gagna málsins er skjal sem ber heitið, Staðfesting á lánveitingu. Í texta þess segir að lántaki sé Gaumur ehf., tímabil sé frá 1. október 1999 og fjárhæð 4.500.000. Vextir eru 11,50%. Undir skjalið ritar Linda J. fyrir hönd Baugs hf., en enginn undirritar fyrir hönd Gaums ehf. Þá eru og meðal gagna málsins skjöl er sýna að 11. október 1999 var framangreind fjárhæð færð af reikningi Baugs hf. í Íslandsbanka til Gaums ehf. og er í einu skjalinu ritað að um lán frá Baugi sé að ræða.

Ákærði bar að ekki hafi verið um lán að ræða heldur hafi félögin Baugur hf. og Gaumur ehf. verið að kaupa saman húsnæði að Viðarhöfða 6, er hafi átt að nýtast báðum. Orðanotkunin, Staðfesting á lánveitingu, gæti stafað af því að sá sem færði bókhaldið hafi ekki vitað um hvað var að ræða. Baugur hf. hafi hins vegar ekki eignast hlut í húsnæðinu en í staðinn hafi félagið fengið að geyma þar bókhaldsgögn án þess að leiga væri innheimt, en ekki væru til gögn um það. Ætlunin hafi verið að Stoðir, fasteignafélag Baugs hf., myndi eignast húsnæðið en ekkert hafi orðið úr því og sé það nú eign Gaums ehf.

Tryggvi Jónsson bar að hafa komið að þessum húsakaupum ásamt Jóhannesi Jónssyni. Þeir hafi verið að kaupa geymsluhúsnæði sem Baugur hf. gæti nýtt sér. Til stóð að félagið myndi kaupa húsnæðið af Gaumi ehf. og leggja það inn í fast eignafélagið Stoðir, en af því hafi ekki orðið. Baugur hf. hafi engu að síður notað húsnæðið án þess að greiða leigu fyrir það.

Linda Jóhannsdóttir bar að hafa ritað undir framangreint skjal, sem ber heitið Staðfesting á lántöku, en ekki mundi hún á hvaða upplýsingum hún byggði þegar hún lét færa skjalið til bókar. Að öðru leyti kvað hún vera um sams konar bókhaldsgagn að ræða og hún bar um varðandi 2. ákærulið.

Jóhannes Jónsson, stjórnarmaður í Baugi hf. og faðir ákærða, Jóns Ásgeirs, bar að hann hafi tekið þátt í kaupunum á húsnæðinu og hafi það verið hugsað sem geymslu fyrir félögin bæði, Baug hf. og Gaum ehf. Til hafi staðið að félögin ættu þetta saman, en síðan hafi það breyst á þann veg að Gaumur ehf. var einn eigandinn. Jóhannes gat ekkert borið um greiðslur vegna þessara kaupa eða færslur í bókhald.

Samkvæmt framburði ákærða, Jóns Ásgeirs, og framburði vitnanna Tryggva Jónssonar og Jóhannesar Jónssonar, ætlaði Baugur hf. að taka þátt í kaupunum á Viðarhöfða 6 ásamt Gaumi ehf. Engin ytri gögn styðja þennan framburð og er Baugs hf. að engu getið í kaupsamningi um húsnæðið, sem Gaumur ehf. stóð einn að sem kaupandi. Ljóst er að Baugur hf. greiddi Gaumi ehf. peningagreiðslu að fjárhæð sem samsvaraði útborgun vegna húsnæðiskaupa Gaums ehf. Þá var gert ráð fyrir því af hálfu fjármálastjóra Baugs hf. að þessi fjárhæð væri vaxtareiknuð. Miðað við þetta og þann færslumáta sem viðhafður var í bókhaldi Baugs hf. varðandi þær 4.500.000 króna sem Baugur hf. greiddi til Gaums ehf. verður að telja sannað að Baugur hf. hafi lánað Gaumi ehf., hlutahafa sínum, nefnda peningafjárhæð, sem fer í bága við 1. mgr. 104. gr. hlutafélagalaga sem leggur bann við lánnum hlutafélags til hlutahafa sinna.

Ákæruliður 4.

Í þessum ákærulið er ákærða gefið að sök brot gegn hlutafélagalögum með því að hafa, 3. desember 1999, látið veita Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf., hlutahafa í Baugi hf., lán að fjárhæð 8.000.000 króna frá Baugi hf. eins og nánar greinir í ákærinni.

Meðal gagna málsins er reikningur frá SPRON á Gaum ehf. fyrir 8.000.000 króna. Á reikninginn hefur verið ritað að frumrit komi í pósti og ath. TJ varðandi bókun. Einnig eru gögn sem sýna að 3. desember 1999 var þessi fjárhæð millifærð af reikningi þeim, sem greindur er í ákærinni, til SPRON. Samkvæmt gögnum úr bókhaldi Baugs hf. var upphæðin eignfærð á viðskiptamannareikning Gaums ehf.

Ákærði bar að hér hafi verið um mistök að ræða og málið hafi ekki snert Gaum ehf. heldur Bónus er á sínum tíma hafi stofnað Viðskiptatraust ehf. með Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Síðar hafi sparisjóðurinn viljað selja Baugi hf. sinn hlut sem þá hafi borið ábyrgð á Bónus. Reikningurinn vegna kaupanna

hafi hins vegar verið stílaður á Gaum ehf. í staðinn fyrir Baug hf. Hann var svo greiddur af Baugi hf. og settur inn á viðskiptareikning Gaums ehf. er síðar hafi greitt féð til baka. Ákærði bar síðar í yfirheyrslunni að Gaumur ehf. hafi átt helminginn í Viðskiptatrausti ehf. en Gaumur ehf. hafi ekki keypt hlut SPRON heldur hafi færslan stafað af misskilningi sem hafi verið leiðrétt. Eignarhluti Gaums ehf. hafi verið frá þeim tíma þegar Baugur hf. var stofnað og eignum skipt, en þá hafi helmingshlutur í Viðskiptatrausti ehf. lent hjá Gaumi ehf. Ákærði bar að Tryggvi Jónsson hafi annast þessi viðskipti.

Tryggvi Jónsson bar að áður en Baugur hf. var stofnað hafi Bónus og SPRON haft með sér samstarf um viðskiptakort sem komið hafi í stað almennra greiðslukorta sem Bónus hafi ekki tekið við í viðskiptum. Eftir stofnun Baugs hf. hafi eignum verið skipt á milli þess og Gaums ehf. og þá hafi það gerst fyrir mistök að eignarhlutinn í Viðskiptatrausti ehf. hafi lent hjá Gaumi ehf. en ekki Baugi hf. Þetta hafi ekki komið í ljós fyrr en verið var að ganga frá samningum við sparisjóðinn um kaup á fyrirtækinu og þess vegna hafi þeir orðið að vera í nafni Gaums ehf. Þótt þetta hafi alfarið verið mál Baugs hf.

Jóhannes Jónsson staðfesti að við stofnun Baugs hf. hafi eignarhlutdeildin í Viðskiptatrausti ehf. átt að lenda hjá því félagi en ekki Gaumi ehf.

Linda Jóhannsdóttir bar á sama hátt og að framan er rakið um samstarf Bónuss og sparisjóðsins um rekstur viðskiptakorts. Þegar því var hætt hafi Baugur hf. keypt hlut sparisjóðsins í félaginu um rekstur kortsins.

Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri, bar að sparisjóðurinn hafi átt Viðskiptatraust ehf. að hálfu á móti Bónus. Rekstur kortsins hafi ekki gengið upp og því hafi viðskiptafélaginn keypt hlut sparisjóðsins, en ekki mundi Guðmundur hvað það félag hét.

Kristján Þorbergsson, hæstaréttarlögmaður, bar að þegar í ljós kom að rekstur kortsins gekk ekki sem skyldi hafi sparisjóðurinn krafist þess að Baugur hf. leysti til sín hlut sjóðsins í félaginu um kortið og hafi verið orðið við því. Í lok samningsgerðarinnar hafi komið fram ósk frá forsvarsmönnum Baugs hf. um að í stað þess félags kæmi Gaumur ehf. og hafi verið orðið við því. Þá hafi Gaumur ehf. orðið kaupandi hlutafjárins og ábyrgðaraðili skuldarinnar.

Samkvæmt framansögðu, sem styðst við önnur gögn málsins, höfðu SPRON og Bónus sf. stofnað saman fyrirtækið Viðskiptatraust ehf. árið 1997 og var heildar nafnverð hlutafjár 16.000.000 króna eftir hækkun á árinu 1998, en hlutaféð áttu stofnendur félagsins að jöfnu, eða 8.000.000 króna hvor. Hlutverk félagsins var að annast kortaviðskipti í samvinnu við SPRON og Bónus sf. Þegar Bónus sf. var slitið í desember 1998 og eignum þess ráðstafað rann þessi eignarhlutur félagsins í Viðskiptatrausti ehf. fyrir mistök inn í Gaum ehf., en hann átti að renna inn í Baug hf., enda um rekstur að ræða sem tengdur var smásöluverslun. Rekstur kortaviðskipta á vegum Viðskiptatrausts ehf. gekk ekki sem skyldi og krafðist SPRON þess því að Baugur hf. leysti til sín hlut sparisjóðsins í félaginu og varð Baugur hf. við þeirri kröfu. Þar sem eignarhluturinn í Viðskiptatrausti ehf., var samkvæmt framansögðu, á nafni Gaums ehf. kom fram ósk um það af hálfu Baugs hf. að í stað þess félags kæmi Gaumur ehf. að samningsgerðinni og var orðið við þeirri ósk af hálfu sparisjóðsins. Þar með varð Gaumur ehf. kaupandi hlutafjár

SPRON og ábyrgðaraðili þeirra skulda sem Viðskiptatraust ehf. var komið í, en gengið var frá samningum við SPRON 12. mars 1999. Eftir þessi viðskipti átti Gaumur ehf. alla eignarhlutina í Viðskiptatrausti ehf. Baugur hf. eignaðist síðan þessa eignarhluti 30. júní 2000 í samræmi við munnlegt samkomulag við Gaum ehf. Viðskiptatraust ehf. var síðan sameinað Baugi hf. á árinu 2000.

Þegar Baugur hf. greiddi 8.000.000 króna í peningum til SPRON 3. desember 1999 var sú fjárhæð eignfærð á viðskiptareikning Gaums ehf. sem var hinn formlegi eigandi eignarhlutanna í Viðskiptatrausti ehf. Þegar Baugur hf. keypti alla eignarhlutina í Viðskiptatrausti ehf. af Gaumi ehf. 30. júní 2000 var kaupverð þeirra, sem var samtals jafnt nafnverði þeirra, eða 16.000.000 króna, skuldfært á viðskiptareikning Gaums ehf. hjá Baugi hf., þannig að þær 8.000.000 króna sem þá voru í mismun komu þannig til lækkunar inneignar Baugs hf. hjá Gaumi ehf.

Með vísun til þess sem lýst er hér að framan verður að fallast á það með ákærða að greiðslan á nefndum 8.000.000 krónum til SPRON 3. desember 1999, sem færð var til eignar á viðskiptareikning Gaums ehf. í bókhaldi Baugs hf., hafi ekki falið í sér lán til Gaums ehf. heldur verið hluti af greiðslu Baugs hf. fyrir kaup þess á eignarhlutum í Viðskiptatrausti ehf. af Gaumi ehf., sem vegna misskilnings var færð á Gaum ehf. en ekki Baug hf.

Ákæruliður 5.

Í þessum ákærulið er ákærða gefið að sök brot gegn hlutafélagalögum með því að hafa, 13. febrúar 2001, látið veita Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf., hluthafa í Baugi hf., lán að fjárhæð 50.529.987 krónur til að fjármagna kaup á hlutum í Baugi hf. eins og nánar greinir í ákærinni, en samkvæmt henni var þessi fjárhæð ógreidd 28. ágúst 2002.

Málavextir eru þeir að í desember 2000 var boðið út hlutafé í Baugi hf. samtals að nafnverði 110.000.000 króna en að kaupverði 1.232.500.000 krónur og skráði Gaumur ehf. sig fyrir 340.529.987 krónum. Fjárfestingafélagið Gilding hf. hafi greitt 290.000.000 króna fyrir Gaum ehf., vegna hlutafjárloforðs þess. Hlutafjárloforð Gaums ehf. var upphaflega fært til eignar í bókhaldi Baugs hf. á reikninginn óinnheimt hlutafé. Samkvæmt fylgiskjali í bókhaldi Baugs 13. febrúar 2001 eru nefndar 340.529.987 krónur færðar til lækkunar síðastnefnds reiknings og til hækkunar eignar á viðskiptamannareikningi Gaums ehf. í bókhaldi Baugs hf. Samkvæmt sama fylgiskjali eru 290.000.000 krónanna frá Gildingu hf. færðar til lækkunar eignar á viðskiptamannareikningi Gaums ehf. í bókhaldi Baugs hf. Samkvæmt þessu stóð skuld Gaums ehf. við Baug hf. vegna hlutafjárloforðs þess fyrrnefnda gagnvart félaginu í 50.529.987 krónum, sem er sú fjárhæð sem ákært er fyrir.

Samkvæmt ákvörðun hluthafafundar 6. nóvember 2000 var ákveðið í tengslum við nefnda hlutafjárhækkun að nýja hluti skyldi staðgreiða innan tveggja vikna frá lokum áskriftartímabils. Samkvæmt tilkynningu Baugs hf. til Kauphallar Íslands 27. desember 2000 skyldu áskrifendur nýju hlutanna greiða þá í síðasta lagi mánudaginn 8. janúar 2001. Eins og áður segir telur ákærvaldið að 50.529.987 krónurnar hafi enn verið ógreiddar 28. ágúst 2002, en af hálfu ákærða er því haldið

fram að viðskiptareikningur Gaums ehf. hjá Baugi hf. hafi verið greiddur upp með víxli, útgefnum 20. maí 2002.

Ákærði bar að fjárfestingafélagið Gilding hf. hafi ætlað að kaupa hlutaféð, sem hér um ræðir, en af því hafi ekki orðið, heldur hafi félagið aðeins keypt hlutafé fyrir 290.000.000 króna og greitt fyrir það til Baugs hf. Afganginn hafi Gaumur ehf. keypt og andvirðið verið skuldfært á viðskiptamannareikning þess hjá Baugi hf. Ákærði bar að hann vissi ekki nákvæmlega hvernig frá þessu var gengið, en allt hefði verið greitt og ekkert fé tapast.

Tryggvi Jónsson bar að Gilding hf. hafi ætlað að kaupa hluti í Baugi hf., en Gaumur ehf. hafi skráð sig fyrir þeim og þeir síðan átt að ganga til Gildingar hf. Síðar hafi komið í ljós að Gilding hf. hafi ekki greitt fyrir öll bréfin, en ekki mundi Tryggvi af hverju. Mismunurinn muni hafa verið færður á viðskiptamannareikning Gaums ehf., en Tryggvi mundi ekki frekar eftir þessu.

Linda Jóhannsdóttir bar að Íslandsbanki, sem sá um hlutafjárútboðið, hafi sent Baugi hf. upplýsingar um þá er ekki höfðu greitt eða ekki greitt að fullu og hafi fjár málasvið Baugs hf. þá ákveðið að færa ógreitt hlutafé á hvern og einn sem skuldaði það í stað þess að færa það á einn bókhaldslykil.

Kristín Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Gaums ehf., kannaðist við að Gaumur ehf. hafi skráð sig fyrir hlutafé eins og rakið var og að Gilding hf. hafi ætlað kaupa það. Félagið hafi hins vegar ekki keypt nema hluta. Hún kvaðst ekki hafa komið að viðskiptunum við Gilding hf.

Um greiðslu hlutafjár gildir III. kafli hlutafélagalaga. Sé hlutafjárhækkun ekki greidd á gjalddaga skal stjórn félagsins án tafar annað hvort innheimta skuldina með málsókn eða afhenda öðrum rétt til hlutar eða hluta áskrifanda, sbr. 17. gr. laganna. Verði skuldin ekki innheimt koma ákvæði 19. gr. til, en samkvæmt þeim skulu hlutirnir greiddir að fullu í síðasta lagi einu ári eftir að hækkunin hefur verið tilkynnt hlutafélagaskrá. Í greininni er einnig að finna það úrræði til handa hlutafélagaskrá, ef ekki er greitt, að skrá samsvarandi lækkun hlutafjár. Með vísun til þessa verður sú ógreidda hlutafjárhækkun sem um ræðir í þessum ákærulið, 50.529.987 krónur, ekki talin til láns í þeim skilningi sem leggja verður í það orð í máli þessu. Breytir þar engu um ákvörðun starfsmanna Baugs hf. að færa hina vangreiddu hækkun í viðskiptamannareikning Gaums ehf. hjá Baugi hf. í stað þess að skrá hana áfram inni á reikningnum óinnheimt hlutafé, sem hefði gefið stjórn félagsins tilefni til þess að beita lögboðnum úrræðum.

Ákæruliður 6.

Í þessum ákærulið er ákærða gefið að sök brot gegn hlutafélagalögum með því að hafa, 18. maí 2001, látið veita Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf., hluthafa í Baugi hf., lán að fjárhæð 100.000.000 króna frá Baugi hf. eins og nánar greinir í ákærinni, en samkvæmt henni var lánið enn ógreitt 28. ágúst 2002.

Meðal gagna málsins er skjal sem ber heitið, Staðfesting á lántöku með gjalddaga 15. júní 2001. Í texta þess segir að lántaki sé Gaumur ehf., tímabil sé frá

18. maí 2001 til 15. júní 2001 og fjárhæð 100.000.000 króna. Vextir eru 16,00%. Þá er tilgreind fjárhæð vaxta og álag, samtals 1.544.444 krónur. Síðan segir að Baugur hf. leggi inn á reikning Gaums ehf. 18. maí 2001 100.000.000 króna og að Gaumur ehf. leggi inn á reikning Baugs hf. 15. júní 2001 1.544.444 krónur. Undir skjalið ritar Linda J. fyrir hönd Baugs hf., en enginn undirritar fyrir hönd Gaums ehf. Þá er og meðal gagna málsins skjal er sýnir að 18. maí 2001 voru 100.000.000 króna færðar af reikningi Baugs hf. í Íslandsbanka til bankareiknings í eigu Gaums hf. Þann 18. maí 2001 eru færðar 100.000.000 króna sem lán til hækkunar eignar á viðskiptamannareikningi Gaums ehf. í bókhaldi Baugs hf. og 15. júní sama ár eru færðar 1.477.778 krónur sömuleiðis til hækkunar á sama reikning sem áfallnir vextir á lánið.

Ákærði bar að þessi færsla hefði tengst viðskiptum með flatbökuþyrtingi NRG AB (Nordic Restaurant Group). NRG var handhafi rekstrarleyfis fyrir Pizza Hut í Svíþjóð og á Íslandi. Ætlunin hafi verið að kaupa og sameina fyrirtæki á þessu sviði í Noregi og Svíþjóð og hafi Gaumur ehf. fjárfest í því skyni og þannig verið að taka áhættu fyrir Baug hf. Þegar ásættanlegur árangur hefði náðst átti reksturinn að renna inn í Baug hf. Það hafi því ekki verið um það að ræða að Baugur hf. væri að lána Gaumi ehf., heldur væri Gaumur ehf. að vinna fyrir hönd Baugs hf. að þessu verkefni með fjármunum frá Baugi hf. Straumur hf. hafi síðan verið tilbúinn til að lána því fyrirtæki sem á endanum átti að verða til um þennan rekstur. Þessar áætlanir hafi hins vegar ekki gengið eftir að fullu, en í dag eigi Baugur hf. NRG.

Tryggvi Jónsson bar á sama hátt og ákærði um brautryðjendastarf Gaums ehf. í fjárfestingum sem síðar komust í eigu Baugs hf. Straumur hafi viljað lána til verk efnisins, en viljað að lánið rynni til þess sem á endanum fjárfesti í fyrirtækinu, það er til Baugs hf.

Kristín Jóhannesdóttir bar á sama hátt og Tryggvi og ákærði um forgöngu Gaums ehf. í fjárfestingum og um lánið frá Straumi til verkefnisins.

Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Straums, kannaðist við að fyrirtækið hafi lánað Baugi hf. 100.000.000 króna í maí 2001 til kaupa á veitingahúsakeðju og hafi ákærði komið fram fyrir hönd Baugs hf., en ekki kvaðst Þórður Már hafa átt samskipti við önnur fyrirtæki vegna þessa.

Stefán Hilmarsson, endurskoðandi Baugs hf., bar að Gaumur ehf. hefði keypt hlutabréf í NRG og borgað fyrir þau á þriðja hundrað milljónir króna. Reksturinn hefði ekki gengið nógu vel hjá NRG og hefði Gaumur ehf. selt bréfin í NRG yfir til Baugs hf. á árinu 2004 fyrir rúmlega sextíu milljónir. Tap Gaums ehf. af þessum viðskiptum hefði verið á þriðja hundrað milljónir. Stefán bar að þarna hefði Gaumur ehf. farið á undan í verkefninu og fyrirhugað hefði verið að Baugur hf. kæmi að þessu verkefni síðar þegar það væri komið áleiðis.

Samkvæmt skýrslu endurskoðenda ríkislögglustjóra frá 27. maí 2005, greiddi Gaumur ehf. 100.000.000 krónanna sem það móttók 18. maí 2001 frá Baugi hf. samdægurs sem hlutafjárframlag til NRG AB. Þar kemur einnig fram að Gaumur ehf. keypti eignarhluti í norska félaginu á árunum 2001 og 2002 og nam bókfærður eignarhluti Gaums í NRG AB, að viðbættum bókfærðum eignarhlut Gaums ehf. í Pönnupizzum að fjárhæð 176.084.627 krónur, 433.745.515 krónum

áður en hann var færður niður um 74.000.000 króna. Á árinu 2003 var enn fjárfest fyrir 9.745.318 krónur en síðan var fjárfestingin færð niður um 300.000.000 króna eða niður í 59.490.833 krónur. Gaumur ehf. seldi síðan öll hlutabréfin í NRG AB til Baugs hf. á 65.900.000 krónur 20. febrúar 2004.

Eins og áður segir telur ákærvaldið að hin meinta lánsfjárhæð hafi verið ógreidd 28. ágúst 2002, en af hálfu ákærða er því haldið fram að viðskiptareikningur Gaums ehf. hjá Baugi hf. hafi verið greiddur upp með víxli, útgefnum 20. maí 2002.

Samkvæmt því sem að framan er rakið greiddi Baugur hf. Gaumi ehf. reiðufé að fjárhæð 100.000.000 króna með þeim áskilnaði í sérstöku skjali sem bar heitið Staðfesting á lántöku, að Gaumur ehf. sem lántakandi endurgreiddi peningafjárhæðina á ákveðnum gjalddaga með vöxtum og álagi. Verður því að telja að Baugur hf. hafi með þessu veitt hlutahafa sínum Gaumi ehf. lán í þeim skilningi sem í þessu máli verður að leggja í það orð í 1. málslíð 1. mgr. 104. gr. hlutafélagalaga. Kemur þá til álita hvort undanþága lokamálsliðar 1. mgr. nefndrar 104. um venjulegt viðskiptalán tekur til umrædds láns.

Samkvæmt athugasemdum með þeirri frumvarpsgrein sem síðar varð að 104. gr. nógildandi hlutafélagalaga er banni 1. mgr. 104. gr. gegn lánveitingum hlutafélags til hluthafa ekki ætlað að ná til venjulegra viðskiptalána, t.d. greiðslukortaviðskipta, eða lána til fyrirtækja sem eru hluthafar ef þau eru liður í viðskiptum og venjubundin bæði í fyrirtækinu og almennt í slíkum fyrirtækjum. Eins og rakið er í inngangi að þessum kafla er með viðskiptaláni venjulega átt við hvers konar fjárhæðir sem viðskiptamaður fyrirtækisins skuldar því vegna kaupa hans á vörum eða þjónustu frá því út í reikning. Í málinu hefur komið fram af hálfu forsvarsmanna Baugs hf. og endurskoðanda þess að það félag og Gaumur ehf. hafa staðið saman að viðskiptum og gjarnan með þeim hætti að Gaumur ehf. hafi farið fyrir og tekið áhættu en Baugur hf. síðan tekið fjárfestinguna yfir. Ekki er hægt að fallast á að slíkt samstarf félaganna geti undanþegið Baug hf. frá bannákvæðum 1. mgr. 104. gr. hlutafélagalaga, enda er hvorki lána- né fjárfestingastarfsemi tilgreind sem tilgangur félagsins í samþykktum þess. Með hliðsjón af því verður lán það sem lýst hefur verið í þessum ákærulið ekki talið til venjulegra viðskiptalána í merkingu lokamálsliðar 1. mgr. 104. gr. hlutafélagalaga.

Ákæruliður 7.

Í þessum ákærulið er ákærða gefið að sök brot gegn hlutafélagalögum með því að hafa, 16. maí 2000, látið veita Fjárfari ehf., hluthafa í Baugi hf., lán að fjárhæð 64.500.000 króna frá Baugi hf. til að fjármagna kaup á hlutafé í Baugi hf. eins og nánar greinir í ákærinni. Samkvæmt ákærinni var lánsfjárhæðin ógreidd 28. ágúst 2002.

Ákærði kvað Fjárfar ehf. hafa fengið greiðslufrest þegar það keypti hlutafé í Baugi hf. og hafi hann samið um frestinn fyrir hönd Baugs hf.

Samkvæmt kaupsamningi milli Baugs hf. og Fjárfars ehf. 16. maí 2000, seldi Baugur hf. Fjárfari ehf. hlutabréf í Baugi hf. að nafnverði 5.000.000 króna.

Umsamið kaupverð var 64.500.000 krónur og skyldi það greitt 2. júní 2000. Samningur þessi var undirritaður fyrir hönd seljanda af ákærða Jóni Ásgeiri og fyrir hönd kaupanda af Helga Jóhannessyni. Kaupverð nefndra hluta var eignafært með bókunardeginum 16. maí 2000 á viðskiptamannareikning Fjárfars ehf. sem stofnaður var í bókhaldi Baugs hf. Frá þeirri eign var dreginn arður til Fjárfars ehf. á árunum 2000 til 2001 og voru eftirstöðvar skuldar Fjárfars ehf. enn ógreiddar 28. ágúst 2002. Samkvæmt þessu afhenti Baugur hf. Fjárfari ehf. hluti í Baugi hf. gegn gjaldfresti á greiðslu kaupverðs. Lítur dómurinn svo á að Baugur hf. hafi þar með fjármagnað kaup Fjárfars ehf. á hlutum í félaginu þannig að í bága fer við ákvæði 2. mgr. 104. gr. hlutafélagalaga sem leggur ekki eingöngu bann við láni hlutafélags til fjármögnunar á hlutum í félaginu heldur bannar einnig að leggja fram fé í tengslum við slík kaup.

Ákæruliður 8.

Í þessum ákærulið er ákærða gefið að sök brot gegn hlutafélagalögum með því að hafa, 13. febrúar 2001, látið veita Fjárfari ehf., hluthafa í Baugi hf., lán að fjárhæð 85.758.591 króna frá Baugi hf. til að fjármagna kaup á hlutafé í Baugi hf. eins og nánar greinir í ákærunni, en samkvæmt henni var þessi fjárhæð ógreidd 28. ágúst 2002.

Málavextir eru þeir að í desember 2000 var boðið út hlutafé í Baugi hf., sbr. ákærulið 5, og hafi Fjárfar ehf. skráð sig fyrir 85.758.591 krónu. Greiðsla hluta fjárins hafi ekki verið innt af hendi til Íslandsbanka sem annaðist um útboðið og hlutafjárloforðið því verið fært samkvæmt fylgiskjali 13. febrúar 2001 til lækunar reikningsins óinnheimt hlutafé og til eignar á móti á viðskiptareikning Fjárfars ehf. í bókhaldi Baugs hf.

Samkvæmt ákvörðun hluthafafundar 6. nóvember 2000 var ákveðið í tengslum við nefnda hlutafjárhækkun að nýja hluti skyldi staðgreiða innan tveggja vikna frá lokum áskriftartímabils. Samkvæmt tilkynningu Baugs hf. til Kauphallar Íslands 27. desember 2000, skyldu áskrifendur nýju hlutanna greiða þá í síðasta lagi mánudaginn 8. janúar 2001.

Ákærði bar að fjárfestingafélagið Gilding hf. hafi ætlað að kaupa hlutaféð, sem hér um ræðir, en af því hafi ekki orðið. Þegar Baugur hf. hafi fengið eftir stöðvalistann frá bankanum hafi skuldin verið færð á viðskiptamannareikning þess hjá Baugi hf. Ákærði bar að hann vissi ekki nákvæmlega hvernig frá þessu var gengið. Hann vísaði að öðru leyti til framburðar síns varðandi 5. ákærulið sem rakinn var hér að framan.

Tryggvi Jónsson bar á sama hátt og ákærði og kvað sömu skýringar eiga við og þær sem gefnar voru við 5. ákærulið.

Linda Jóhannsdóttir bar á sama hátt og um 5. ákærulið. Komið hafi upplýsingar frá Íslandsbanka um ógreitt hlutafé og það verið fært á viðskiptareikning Fjárfars ehf.

Um greiðslu hlutfjár gildir III. kafli hlutafélagalaga. Sé hlutfjárhækkun ekki greidd á gjalddaga skal stjórn félagsins án tafar annað hvort innheimta skuldina með málsókn eða afhenda öðrum rétt til hlutar eða hluta áskrifanda, sbr. 17. gr. laganna. Verði skuldin ekki innheimt koma ákvæði 19. gr. til, en samkvæmt þeim skulu hlutirnir greiddir að fullu í síðasta lagi einu ári eftir að hækkunin hefur verið tilkynnt hlutafélagaskrá. Í greininni er einnig að finna það úrræði til handa hlutafélagaskrá, ef ekki er greitt, að skrá samsvarandi lækkun hlutfjár. Með vísun til þessa verður sú ógreidda hlutfjárhækkun sem um ræðir í þessum ákærulið, 85.758.591 króna, ekki talin til láns í þeim skilningi sem leggja verður í það orð í máli þessu. Breytir þar engu um ákvörðun starfsmanna Baugs hf. að færa hina vangreiddu hækkun í viðskiptamannareikningi Gaums ehf. hjá Baugi hf. í stað þess að skrá hana áfram inni á reikningnum óinnheimt hlutfé, sem hefði gefið stjórn félagsins tilefni til þess að beita lögboðnum úrræðum.

Ákæruliður 9.

Í þessum ákærulið er ákærða gefið að sök brot gegn hlutafélagalögum með því að hafa, 13. febrúar 2001, látið veita Kristínu Jóhannesdóttur, hluthafa í Baugi hf., lán að fjárhæð 3.786.727 krónur frá Baugi hf. til að fjármagna kaup á hlutfé í Baugi hf. eins og nánar greinir í ákærunni, en samkvæmt henni var þessi fjárhæð ógreidd 28. ágúst 2002.

Málavextir eru þeir að í desember 2000 var boðið út hlutfé í Baugi hf., sbr. ákærulið 5, og hafi Kristín Jóhannesdóttir skráð sig fyrir 3.786.727 krónum, er hafi verið ógreiddar þegar útboðinu lauk. Íslandsbanki, sem annaðist útboðið, sendi upp lýsingar um eftirstöðvarnar til Baugs hf. þar sem þær voru fyrst færðar á reikninginn óinnheimt hlutfé, en síðar, eða samkvæmt fylgiskjali 13. febrúar 2001, til lækkunar þess reiknings og á móti til eignar á viðskiptamannareikning Kristínar í bókhaldi félagsins. Með færslu á síðastnefndan reikning 5. júlí 2001, var arðgreiðsla að fjárhæð 397.894 krónur dregin frá nefndri skuld sem þá stóð í var 3.388.833 krónum, sem samkvæmt viðskiptamannareikningnum var greidd 20. maí 2002.

Samkvæmt ákvörðun hluthafafundar 6. nóvember 2000 var ákveðið í tengslum við nefnda hlutfjárhækkun að nýja hluti skyldi staðgreiða innan tveggja vikna frá lokum áskriftartímabils. Samkvæmt tilkynningu Baugs hf. til Kauphallar Íslands 27. desember 2000, skyldu áskrifendur nýju hlutanna greiða þá í síðasta lagi mánudaginn 8. janúar 2001. Eins og áður segir telur ákærvaldið að lánið hafi numið 3.786.727 krónum sem hafi enn verið ógreiddar 28. ágúst 2002, en af hálfu ákærða er því haldið fram að viðskiptareikningur Kristínar hjá Baugi hf. hafi fyrst verið lækkaður um arðgreiðslu að fjárhæð 397.894 krónur og síðan greiddur upp með víxli, útgefnum 20. maí 2002.

Ákærði hefur borið á sama hátt um þennan ákærulið og liðina hér að framan þar sem ákært er fyrir lán til hluthafa Baugs hf. til kaupa á hlutfé í félaginu. Þá hafa Tryggvi Jónsson og Linda Jóhannesdóttir gefið sömu skýringar á því sem þessi ákæruliður fjallar um og að framan var rakið varðandi sams konar ákæruliði og vísast til þess.

Kristín Jóhannesdóttir bar að hún hefði skráð sig fyrir hlutafé í Baugi hf., en síðan hafi orðið vanskil á greiðslu hjá sér án þess að hún gæti útskýrt af hverju. Hún hafi hvorki verið krafín um greiðslu né hafi hún óskað eftir greiðslufresti. Hún hafi síðan greitt þetta í maí 2002.

Um greiðslu hlutafjár gildir III. kafli hlutafélagalaga. Sé hlutafjárhækkun ekki greidd á gjalddaga skal stjórn félagsins án tafar annað hvort innheimta skuldina með málsókn eða afhenda öðrum rétt til hlutar eða hluta áskrifanda, sbr. 17. gr. Verði skuldin ekki innheimt koma ákvæði 19. gr. til, en samkvæmt þeim skulu hlutirnir greiddir að fullu í síðasta lagi einu ári eftir að hækkunin hefur verið tilkynnt hlutafélagaskrá. Í greininni er einnig að finna það úrræði til handa hlutafélagaskrá, ef ekki er greitt, að skrá samsvarandi lækkun hlutafjár. Með vísun til þessa verður sú ógreidda hlutafjárhækkun sem um ræðir í þessum ákærulið, að fjárhæð 3.388.833 krónur, ekki talin til láns í þeim skilningi sem leggja verður í það orð í máli þessu. Breytir þar engu um ákvörðun starfsmanna Baugs hf. að færa hina vangreiddu hækkun í viðskiptamannareikning Gaums ehf. hjá Baugi hf. í stað þess að skrá hana áfram inni á reikningnum óinnheimt hlutafé, sem hefði gefið stjórn félagsins tilefni til þess að beita lögboðnum úrræðum.

Þá er þess enn fremur að gæta að Kristín hefur síðan haustið 1999 verið starfs maður Gaums ehf. sem teljast verður tengt Baugi hf. í skilningi lokamálsliðs 2. mgr. 104. gr. hlutafélagalaga, en bannákvæði 1. og 2. másl. 2. mgr. eiga ekki við um kaup starfsmanna tengdra félaga á hlutum í félaginu.

Ákæruliður 10.

Í þessum lið var ákærða, Jóni Ásgeiri, aðallega gefið að sök meiri háttar bókhaldsbrot með því að láta færa í bókhaldi Baugs hf. sölu á hlutafé félagsins í Baugi.net ehf., að nafnverði 2.500.000 krónur til Fjárfars ehf., sem ákærði stjórnaði og réð yfir, fyrir 50.000.000 króna. Síðan var því lýst í ákæruliðnum hvernig þessi sala var færð í bókhaldi Baugs hf. Þá var því lýst að Fjárfar ehf. hefði ekki greitt fyrir hlutaféd og hvernig við hafi verið brugðist með færslum í bókhaldi Baugs hf. sem lauk með eignfærslu 28. febrúar 2002 eins og rakið var í ákærinni. Aðalkröfunni var vísað frá dómi með dóminum 3. maí sl. og var sú niðurstaða staðfest í Hæstarétti 1. júní sl.

Til vara er ákærða gefið að sök brot gegn hlutafélagalögum með því að hafa lánað Fjárfari ehf. kaupverð hlutafjárins, 50.000.000 króna. Í bókhaldi Baugs hf. hafi krafa félagsins verið eignfærð á viðskiptamannareikning Fjárfars ehf. 30. júní 2000. Eftir bókunina hafi skuld Fjárfars ehf. á viðskiptamannareikningnum staðið í 114.500.000 krónum.

Málavextir eru þeir að með samningi um hlutafjárkaup 16. júní 2000, undir rituðum af ákærða, Jóni Ásgeiri, og Jóni Scheving Thorsteinssyni fyrir hönd Baugs hf. og Helga Jóhannessyni fyrir hönd Fjárfars ehf., lofaði Baugur hf. að selja og Fjárfar ehf. að kaupa 5% hlutafjár í Baugi.net ehf. að nafnverði 2.500.000 krónur á 50.000.000 króna. Samkvæmt 1. gr. samningsins skyldi kaupverðið greitt með einni greiðslu að fullu 15. september 2000 og í 2. gr. var kveðið á um að Fjárfar

ehf. öðlaðist full réttindi sem hluthafi í Baugi.net ehf., í samræmi við eignarhluta sinn og samþykktir félagsins, við fullnaðargreiðslu samkvæmt 1. gr., þ.e. 15. september 2000. Í bókhaldi Baugs hf. var kaupverð hlutanna, 50.000.000 króna, fært til eignar á viðskiptamannareikning Fjárfars ehf. með færslu 30. júní 2000. Fjárfar ehf. greiddi ekki fyrir hlutina og gekk samningurinn til baka. Síðar var 50.000.000 króna eignfærslan færð til baka á viðskiptamannareikningi Fjárfars ehf. í bókhaldi Baugs hf. með færslu 21. febrúar 2002.

Ákærði bar að Baugur hf. hefði selt Fjárfari ehf. hlutafé í Baugi.net ehf. með greiðslufresti og hafi upphæðin verið færð á viðskiptamannareikning Fjárfars ehf. hjá Baugi hf. sem hafi verið dráttarvaxtareiknaður. Baugur.net ehf. hafi verið eitt af svonefndum “netbólufyrirtækjum” sem stofnuð voru á þessum tíma og miklar vonir voru bundnar við. Þær vonir gengu hins vegar ekki eftir og kaup Fjárfars ehf. á hlutum gengu til baka á kaupverðinu, en ekki með dráttarvöxtunum. Að öðru leyti kvaðst ákærði ekki muna hvernig að þessu var staðið og ekki vita hvernig gengið var frá færslunni í bókhaldi Baugs hf.

Tryggvi Jónsson bar á sama hátt og ákærði um að Fjárfar ehf. hefði keypt hluti í Baugi.net ehf., en þau kaup gengið til baka þegar væntingar til netfyrirtækjanna hafi brugðist.

Jón Scheving Thorsteinsson, sem var yfirmaður þróunarsviðs Baugs hf. á þessum tíma, bar að miklar væntingar hafi verið tengdar stofnun Baugs.net ehf. og ætlunin hafi verið að setja hlutabréf í því á markað og selja fjárfestum. Fjárfar ehf. hafi keypt hlut, en kaupin hafi síðan gengið til baka. Jón Scheving gat ekki borið um þann þátt málsins.

Samkvæmt ákvæðum sammingsins um hlutafjárkaup milli Fjárfars ehf. og Baugs hf. virðast kaup hlutanna í Baugi.net ehf. hafa átt að miðast við 15. september 2000, en á þeim degi átti Fjárfar ehf. að greiða kaupverð hlutanna og öðlast full réttindi sem hluthafi í Baugi.net ehf. Þar sem greiðsla kaupverðsins fór hvorki fram á tilskildum degi eða síðar má álykta sem svo að ekkert hafi orðið af kaupunum og Fjárfar ehf. hafi þannig aldrei orðið eigandi hlutanna í Baugi.net. ehf. Samkvæmt þessu virðist eignfærsla kaupverðs hlutanna í Baugi.net ehf. á viðskiptareikning Fjárfars ehf., sem er grundvöllur þessa ákæruliðar, ekki byggð á nægilega traustum grunni. Hefur þannig, að mati dómsins, ekki tekist að sanna með ótvíræðum hætti að um lán hafi verið að ræða frá Baugi hf. til Fjárfars ehf.

III

Ákæruliður 15 varðandi ákærða, Jón Gerald Sullenberger.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 3. maí sl. er svofelld lýsing á málavöxtum varðandi þennan ákærulið: “Í þessum ákærulið er ákærðu, Jóni Asgeiri og Tryggva, gefið að sök meiri háttar bókhaldsbrot með því að hafa látið rangfæra bókhald Baugs hf., átt þátt í að búin væru til gögn sem ekki áttu sér stoð í viðskiptum við aðra aðila og hagað bókhaldi Baugs hf. með þeim hætti að það gæfi

ranga mynd af viðskiptum og notkun fjármuna. Þetta hafi þeir gert með því að láta færa til eignar í bókhaldi Baugs hf. og til tekna hjá Baugi hf., sem lækkuð vörukaup, 61.915.000 krónur, á grundvelli rangs og tilhæfulauss kreditreiknings (afsláttarreiknings) frá Nordica Inc., dagsetts 30. ágúst 2001, að fjárhæð USD 589.890, sem jafngilti 61.915.000 krónum á færsludegi. Ákærða, Jóni Gerald Sullenberger, er gefið að sök að hafa aðstoðað ákærðu, Jón Ásgeir og Tryggva, við að rangfæra bókhald Baugs hf. og stuðlað að bókhaldsbroti þeirra með því að útbúa framangreindan kreditreikning að tilhlutan ákærða, Jóns Ásgeirs, og samkvæmt fyrisögn ákærða, Tryggva. Ákæran er á því byggð að reikningurinn hafi ekki átt sér ekki stöð í viðskiptum þeirra félaga sem ákærðu voru í fyrirsvari fyrir eins og nánar er rakið í ákærinni.

Texti reikningsins er svohljóðandi: “Discount on purchased goods and reimbursement for damage or shortages shipments to Adfong from July 01, 2000 to June 30, 2001. This cover all cargo shipped thru Nordica Inc Warehouse in Miami Florida”. Að öðru leyti er reikningnum lýst hér að framan. Hann var fyrst færður á biðreikning ásamt reikningi þeim, sem um getur í 16. ákærulið, en ekki á viðskipta reikning Nordica Inc. Reikningurinn var aldrei innheimtur hjá Nordica Inc. og var síðan gjaldfærður í bókhaldi Baugs hf. eins og lýst er í ákæru.

Nú verður rakinn framburður ákærðu varðandi þennan lið og síðan vitna eftir því sem við á.

Ákærði, Jón Ásgeir, bar að Baugur hf. og þar áður Bónus hafi verið í viðskiptum við ákærða, Jón Gerald, og fyrirtæki hans allt frá árinu 1992. Á árinu 2000 hafi ákærði, Jón Gerald, stofnað vöruhús í Bandaríkjunum til að auka viðskiptin enn frekar. Í framhaldi af því, eða í ársbyrjun 2001, hafi viðræður hafist um eflingu viðskiptanna og þá hafi komið fram hjá forsvarsmönnum Baugs hf. að það væri talsvert magn af “vandráðabirgðum” frá Nordica Inc., fyrirtæki ákærða, Jóns Gerald, í verslunum og vöruhúsum Baugs hf. á Íslandi, þ.e. vörum sem höfðu ekki selst, en ekki mundi ákærði hversu mikið magnið hafði verið. Vorið 2001 hafi samningum um þessi mál verið lokið og menn orðnir ásáttir um upphæðina, sem hafi verið fundin út í íslenskum krónum og síðan umreiknuð í Bandaríkjadali. Aðspurður hvort upphæðin hafi verið reiknuð út frá gögnum kvað ákærði menn hafa haft tilfinningu fyrir stærð málsins og það verið leyst með “pennastriksaðferð”. Ákærði, Jón Gerald, hafi gefið reikninginn út í samræmi við samkomulagið og ákærði, Tryggvi, síðan gengið frá málunum, þar með talið að ákveða texta reikningsins. Síðar hafi komið í ljós að ákærði, Jón Gerald, gat ekki greitt reikninginn og hafi hann því verið gjaldfærður (lotaður) mánaðarlega í bókhaldi Baugs hf.

Ákærði, Tryggvi, bar að hann hefði kallað eftir reikningnum frá ákærða, Jóni Gerald, sem hefði gert reikninginn. Gerð reikningsins hefði byggst á samkomulagi ákærðu, Jóns Ásgeirs og Jóns Gerald, um ónýtar vörur er hefðu safnast saman í árána rás. Aðallega vegna heimildar ákærða, Jóns Gerald, til að fylla gáma, sem hann sendi til Baugs hf., með vörum til að nýta plássið í gámunum. Þetta hafi verið að hluta til skýringin á því af hverju óseljanlegar vörur söfnuðust upp hjá Baugi hf. Ákærði kvað meðákærðu eina hafa samið um lausn þessa máls og þar með að ákveða upphæð reikningsins og texta. Hann hafi lesið textann yfir eins og hann kom frá ákærða, Jóni Gerald, og endursent honum hann með smávægilegum leiðréttingum og þannig leiðréttan hafi ákærði, Jón Gerald, sent sér reikninginn í

símbréfi. Ákærði kvaðst síðan hafa sent reikninginn til KPMG sem var að ljúka við gerð árshlutareiknings á þessum tíma og hafi endurskoðendurnir fært hann sem lokafærslu.

Ákærði, Jón Gerald, kvaðst hafa útbúið reikninginn að beiðni ákærða, Tryggva. Það hafi borið þannig til að 30. ágúst 2001 hafi ákærði, Tryggvi, hringt í sig og spurt hvort hann gæti útbúið fyrir sig kreditreikning og sagt sér hver texti hans ætti að vera. Ákærði kveðst hafa skrifað textann og sent ákærða, Tryggva, í tölvupósti. Hann hafi endursent sér textann leiðréttan og þann texta kvaðst ákærði hafa sett á reikninginn og endursent í símbréfi. Engin viðskipti hafi verið á bak við reikninginn og hann því verið algerlega út í bláinn. Ekki hafi ákærði, Tryggvi, minnst á til hvers ætti að nota reikninginn og það hafi aldrei verið rætt þeirra á milli. Ákærði kvaðst ekki hafa fært reikninginn í bókhald sitt heldur hafi hann hafnað í pappírshöfundum inni í skáp hjá sér og þar hafi lögreglumenn frá Íslandi síðan fundið hann þegar þeir voru að leita gagna hjá honum í tengslum við rannsókn málsins. Ákærði kvað skýringar meðákærðu ekki eiga við rök að styðjast og benti á að hann hefði ekki pantað vörur frá Bandaríkjunum, heldur séð um að afgreiða vörupantanir. Þá bar hann að aðallega hafi verið fluttar inn niðursuðuvörur frá Bandaríkjunum og þar eð þær væru mjög þungar væri oft laust pláss í gámunum sem hann hafi fyllt upp með auðseljanlegum vörum, svo sem eldhúsrúllum.

Krístún Sveinbjörnsdóttir, sem starfaði hjá ákærða, Jóni Gerald, þegar hann útbjó reikninginn, bar að hún hefði ekki komið að gerð hans, en séð hann, líklega daginn eftir að ákærði sendi hann. Hún kvaðst hafa sagt ákærða að hann ætti ekki að gera þetta þar eð engin viðskipti væru á bak við reikninginn og hann hafi ekki verið færður í bókhaldi Nordica Inc., heldur hafi honum verið eytt úr bókhaldskerfinu. Hún kvað ákærða hafa gefið sér þá skýringu á gerð reikningsins að ákærði, Tryggvi, hefði beðið sig um að gera hann. Krístún kannaðist ekki við að Baugur hf. hefði setið uppi með ill- eða óseljanlegar vörur frá Nordica Inc. Stærsti hluti varanna hafi verið dósamatúr sem endist í mörg ár. Einstaka sinnum hafi komið fyrir að sent hafi verið of mikið af vörum og hafi það verið gert upp. Hið sama hafi gilt um skemmdir og rýrnun á vörum.

Helgi Magnús Gunnarsson, þá löglærður fulltrúi ríkislögreglustjóra, bar að hann hafi fundið reikninginn á skrifstofu ákærða, Jóns Geralds, í Miami. Hann hafi fundist nánast fyrir tilviljun þar eð hann hafi ekki verið færður í bókhald og ákærði hafi ekki framvísað honum.

Einar Þórisson, innkaupastjóri hjá Aðföngum, bar að hafa séð um innkaup frá Bandaríkjunum, þar með talið frá Nordica Inc., en fyrirtækið Aðföng er í eigu Baugs hf. Einar bar að komið hafi fyrir að vörur hefðu borist frá Nordica Inc. sem ekki höfðu verið pantaðar og eins hafi komið fyrir að vörur hafi vantað. Brugðist hafi verið við þessu með því að gefa út debet- eða kreditreikninga eftir því um hvort var að ræða. Á árunum 2000 og 2001 hafi Nordica Inc. hins vegar átt orðið mikið af vörum hjá Aðföngum sem hafi stafað af því að þá hafi verið ætlunin að auka verulega viðskiptin við félagið en það ekki gengið eftir. Það hafi stafað af tvennu: Í fyrsta lagi hafi neytendum ekki fallið við vörurnar og í öðru lagi hafi gengið verið óhagstætt.

Lárus Óskarsson, framkvæmdastjóri Aðfanga, bar að farið hefði verið yfir vörusendingar frá Nordica Inc. á sama hátt og frá öðrum. Hvort sem of mikið var í

sendingunni eða of lítið, hafi það verið gert upp með debet- eða kreditreikningum eftir því sem við átti hverju sinni. Á árinu 2001 hafi verið gert átak í að auka vörukaupin frá Nordica Inc. og í framhaldinu hafi birgðir þaðan aukist hjá Aðföngum. Það hafi hins vegar gerst áður að birgðir hafi verið miklar frá Nordica Inc. Þannig hafi verið verulegar birgðir frá fyrirtækinu þegar hann hóf störf hjá Aðföngum 1997. Hann gat hins vegar ekkert borið um reikninginn sem þessi ákæruliður fjallar um.

Guðmundur Marteinson, framkvæmdastjóri Bónuss, bar að þegar hann hóf störf 1998 hafi verið til mikill lager, en ekki hafi hann allur verið frá Nordica Inc. Hann gat ekkert um reikninginn borið.

Árni Pétur Jónsson, yfirmaður matvörusviðs Baugs hf. á árinu 2001, bar að á árinu 2001 hafi Aðföng verið með miklar vörubirgðir frá Nordica Inc. sem hafi meðal annars stafað af því að til hafi staðið að auka verulega viðskiptin við félagið. Það hafi ekki gengið eftir. Hins vegar kannaðist hann ekki við reikninginn sem þessi ákæruliður fjallar um.

Linda Jóhannsdóttir, fjármálastjóri Baugs hf., mundi ekki eftir reikningnum og taldi sig ekki hafa bókað hann. Hún tók fram af gefnu tilefni að fjárhæð hans væri ekki há miðað við veltu Baugs hf.

Auðbjörg Friðgeirsdóttir var innri endurskoðandi Baugs hf. á þessum tíma. Hún kvaðst hafa athugað reikninginn og tildrög þess að hann var gerður, en þau hafi verið samkomulag á milli forstjóra tveggja viðskiptafélaga, Baugs hf. og Nordica Inc. Hún bar að hafa kannað heildarviðskipti félaganna og komist að því að miðað við þau væri reikningurinn ekki hár, enda hafi hann tekið til allra þátta viðskiptanna frá upphafi þeirra. Auðbjörg kvaðst hafa aflað sér upplýsinga með viðtölum við ýmsa stjórnendur hjá Baugi hf. og hafi þau leitt í ljós að veltuhraði á vörum frá Nordica Inc. hafi ekki verið mikill. Þá hafi það og gerst að vörur hafi runnið út á “líftíma”. Þetta hafi verið skráð en við skráninguna hafi ekki verið greint á milli birgja þannig að ekki hafi verið hægt að greina á milli varnings frá Nordica Inc. og öðrum birgjum. Lögreglunni hafi verið bent á að hægt væri að fá gögn um skráninguna hjá fyrirtækinu en hún hafi ekki haft áhuga á því. Auðbjörg vann skjal, sem lagt hefur verið fram í málinu, og hún staðfest, og er það yfirlit yfir viðskipti félaganna á árunum 1995 til 2002 að báðum meðtöldum. Í skjalinu koma fram tölur um heildarviðskiptin hvert ár fyrir sig og hvernig þau skiptist á milli matvöru og sérvöru. Einnig er gerð grein fyrir rýrnun, bæði þekktri og óþekktri, svo og tilgreint hver afsláttur frá birgjum hafi verið, en afsláttur hafi ekki fengist frá Nordica Inc. Niðurstaða Auðbjargar á skjalinu er sú að “Kreditreikningur frá Nordica vegna viðskipta þessi sjö ár hefði þurft að vera á bilinu 190-230 milljónir svo hægt sé að bera þau saman við samskipti við sambærilega birgja.”

Stefán Hilmar Hilmarsson var löggiltur endurskoðandi Baugs hf. á þessum tíma. Hann bar að hafa séð reikninginn fyrst í lok ágúst 2001, nánar tiltekið á loka degi milliuppgjörsins sem var sami dagurinn og reikningurinn var útbúinn. Það hafi verið ákærði, Tryggvi, sem hafi látið koma reikningnum til sín og minnti Stefán Hilmar að ákærði hefði sagt að um væri að ræða afslætti sem félagið ætti útistandandi og því þyrfti að færa reikninginn. Hann kvaðst ekki hafa gert athugasemdir við reikninginn, enda ekki óvenjulegt að birgjar veittu Baugi hf. afslætti og hefðu þeir verið færðir þegar reikningar vegna þeirra bárust.

Eins og nú hefur verið rakið byggðist gerð framangreinds reiknings á ákvörðun ákærða, Jóns Ásgeirs, sem hann ber að hafa tekið að undangengnum samningaviðræðum við meðákærða, Jón Gerald. Ákærði, Jón Gerald, kannast ekki við þennan samning eins og rakið var. Framburður ákærða, Jóns Gerald, fær stuðning í framburði Krístrúnar Sveinbjörnsdóttur svo og því að reikningurinn var ekki færður í bókhaldi Nordica Inc. heldur fannst á skrifstofu félagsins nánast fyrir tilviljun eins og rakið var. Framburður ákærða, Jóns Ásgeirs, styðst að nokkru við framburð starfsmanna Baugs hf., sem hafa borið að safnast hafi saman vörur hjá félaginu frá Nordica Inc. sem ekki hafi tekist að selja eins og rakið var. Þessi framburður starfsmannanna styðst þó ekki við skrifleg gögn, hvorki gögn úr bókhaldi Baugs hf. né önnur, en fram kom að ekki hafi verið hægt að sérgreina birgðir frá Nordica Inc. frá birgðum annarra birgja. Úttekt Auðbjargar Friðgeirsdóttur sýnir aðeins hverju hefði mátt gera ráð fyrir í viðskiptum félaganna, hefði Baugur hf. búið við sömu kjör gagnvart Nordica Inc. og gagnvart öðrum viðskiptavinum. En í málinu hefur komið fram að viðskipti félaganna voru ekki sambærileg viðskiptum við önnur félög. Hjá Baugi hf. og fyrirtækjum þess var frekar litið á ákærða, Jón Gerald, sem samstarfsmann en viðskiptafélaga.”

Til viðbótar framangreindu er rétt að geta framburðar Margrétar Halldóru Nikulásdóttur, löggilts endurskoðanda, sem vann hjá KPMG á árunum 1998 til 2002 og kom að gerð milliuppgjörs Baugs hf. í lok ágúst 2001. Hún bar að lokafærslan, sem byggðist á umræddum reikningi, hefði ekki verið færð nema endurskoðendurnir hefðu haft reikninginn í höndunum eða staðfestingu er samsvaraði honum.

Ákærði, Jón Gerald, hefur viðurkennt að hafa skrifað framangreindan reikning samkvæmt beiðni meðákærða, Tryggva, eins og rakið var, og sent í faxtæki á skrifstofu hans. Hann hefur sagt að engin viðskipti hafi verið á bak við reikninginn og hafi hann eytt honum úr bókhaldskerfi Nordic Inc. eftir að hafa prentað hann út. Það er niðurstaða dómsins sannað sé að reikningurinn hafi verið notaður í bókhaldi Baugs hf. og með hliðsjón af reynslu ákærða og störfum hafi honum hlotið að vera ljóst að reikningurinn myndi verða notaður í bókhaldinu. Ákærði hafi því gerst sekur um að aðstoða meðákærðu við brot þeirra samkvæmt þessum lið. Er brot hans réttilega fært til refsíákvæða í ákæru. Brotið framdi ákærði á starfsstöð sinni í Flórída en reikningurinn var notaður í bókhaldi hér á landi og samkvæmt 7. gr. sömu laga ber að líta svo á verkið hafi einnig verið unnið hér á landi.

IV

Fjárdráttur í tengslum við notkun greiðslukorts.

19. ákæruliður.

Í þessum ákærulið er ákærða, Tryggva, gefinn að sök fjárdráttur með því að hafa dregið sér samtals 1.315.507 krónur á tímabilinu frá 11. janúar 2000 til 12. febrúar 2002, þegar ákærði lét Baug hf. greiða félaginu Nordica Inc. í

Bandaríkjunum reikninga í 13 skipti, sem gefnir voru út af Nordica Inc. á hendur Baugi hf., vegna persónulegra útgjalda ákærða sem voru Baugi hf. óviðkomandi. Síðan segir að ákærði hafi einkum stofnað til útgjaldanna erlendis með úttektum á American Express greiðslukorti í reikning Nordica Inc., sem það hafi lagt út fyrir og innheimt síðan hjá Baugi hf. samkvæmt fyrirmælum ákærða. Skýringartexti reikninganna hafi gefið til kynna að þeir hafi verið vegna ferða- og dvalarkostnaðar erlendis, en úttektirnar verið í raun vegna kaupa ákærða á varningi og þjónustu í eigin þágu. Segir í ákærrunni að þær hafi meðal annars verið vegna kaupa ákærða í tónlistarverslunum, tískuvöruverslunum, golfvöruverslun, skemmtigarði, veitingastöðum og vegna kaupa á sláttudráttarvél.

Reikningarnir 13 hafa verið lagðir fram og eru þeir samtals að fjárhæð 14.354,10 Bandaríkjadalir, eins og segir í ákærrunni, og þar er texti þeirra einnig tekinn upp.

Ákærði bar að á árinu 1999 hafi komið til tals á milli hans, Jóns Ásgeirs og Jóns Geraldts að hann fengi American Express greiðslukort til að nota í Bandaríkjunum. Þetta kort hafi verið gefið út til Nordica Inc. en hann hafi notað það fyrst og fremst í þágu Baugs hf. Auk þessa korts hafi hann haft önnur kort á vegum Baugs hf. Í einhverjum tilvikum hafi hann þó notað American Express greiðslukortið í eigin þágu en þá hafi hann gefið Jóni Gerald skýr fyrirmæli um að hann ætti að rukka sig fyrir reikninga sem ekki tengdust félaginu. Hann kvaðst hafa algerlega treyst Jóni Gerald til sjá um þetta, en hann hafi gert reikninga fyrir ferðakostnaði og hafi ákærði samþykkt þá. Nánar aðspurður kvað ákærði Jón Gerald hafa sent sér reikningana á fakskeyti og hafi ákærði treyst því að á þeim reikningum hafi aðeins verið tilgreindur kostnaður sem Baugi hf. bæri að greiða. Þá kvaðst ákærði einnig hafa látið Jón Gerald hafa peninga til að greiða eigin úttektir með kortinu. Varðandi notkun sína á kortinu almennt bar ákærði að hann hafi haft risnu í starfi sínu hjá Baugi hf. og annars vegar hafi sér borið hálfir dagpeningar samkvæmt ráðningarsamningi, en þá hafi hann aldrei látið greiða sér. Hann hafi þannig átt inni hjá félaginu verulegar fjárhæðir. Ákærði benti og á að verið væri að ákæra sig fyrir tilvik þar sem hann hefði notað kortið til að greiða fyrir útgjöld Baugs hf. sem hann hafi haft fulla heimild til. Þetta hafi félagið staðfest þegar það hafi gert þessi mál upp við hann á árinu 2003.

Nú verður rakinn framburður ákærða um reikningana þrettán, hvern fyrir sig og jafnframt gerð grein fyrir sundurliðun hvers og eins.

Fyrsti reikningurinn er að fjárhæð 329,58 dalir eða 24.678 krónur. Samkvæmt sundurliðuninni var kortið notað þrisvar sinnum. Í fyrsta skiptið til að kaupa fyrir 101,18 dal í tiskuverslun og bar ákærði að um einkaútgjöld hafi verið að ræða og hafi hann greitt Jóni Gerald þessa fjárhæð þá þegar með peningum. Í annað skiptið keypti ákærði geisladiska til að nota um borð í skemmtibátnum Thee Viking, en hann hafi verið þar á viðskiptaferð með gesti á vegum Baugs hf. Í þriðja skiptið kvaðst hann hafa keypt reiknivél í fríhöfn og hafi hún verið til að nota á vegum félagsins.

Annar reikningurinn er að fjárhæð 548,90 dalir eða 43.596 krónur. Samkvæmt sundurliðuninni var kortið notað fimm sinnum. Í fyrsta skiptið til að kaupa fyrir 93,34 dali og bar ákærði hann hafi keypt skó til að nota um borð í bátnum, sundlaugarskó, þar eð ekki hafi verið hægt að vera þar á venjulegum skóm. Í hin

skiptin kvaðst ákærði hafa keypt geisladiska til að nota um borð í Thee Viking.

Þriðji reikningurinn er að fjárhæð 2.220,76 dalir eða 186.636 krónur. Samkvæmt sundurliðuninni var kortið notað átta sinnum. Í tvö skipti í tískuvöru verslun og bar ákærði að um einkaútgjöld hafi verið að ræða og hafi hann greitt Jóni Gerald þessa fjárhæð með peningum á staðnum, en ekki hefði hann nein gögn til stuðnings því. Í eitt skipti í tónlistarverslun og bar ákærði að hann hafi þar keypt geisladiska til að nota í bátnum. Í eitt skipti keypti hann vörur í raftækjaverslun og kvað hann þær hafa verið notaðar í bátnum. Í þrjú skipti notaði ákærði kortið á veitingastöðum og kvað þar vera um að ræða útgjöld er Baugur hf. hafi átt að greiða. Loks notaði ákærði kortið til að greiða með golfsett sem hafi átt að endurkrefja hann um en það hafi ekki verið gert.

Fjórdi reikningurinn er að fjárhæð 638,31 dalur eða 55.420 krónur. Samkvæmt sundurliðuninni var kortið notað fjórum sinnum. Í þrjú skipti í tónlistarverslun og bar ákærði að hann hefði keypt geisladiska til að nota á vinnustað Baugs hf. í Lundúnum. Í eitt skipti hafi hann keypt skjalatösku sem sé í vörslu félagsins. Sundurliðunin ber með sér að úttektirnar séu að fjárhæð 603,31 dalur og kvað ákærði mismuninn á henni og reikningnum vera vegna þess að Jón Gerald væri að innheimta 30 dali fyrir þjónustu sína.

Fimmti reikningurinn er að fjárhæð 270,00 dalir eða 23.328 krónur. Samkvæmt sundurliðuninni var kortið notað þrisvar sinnum. Í öll skiptin í tónlistarverslun og bar ákærði að hann hefði keypt geisladiska til að nota í samkvæmi á hóteli í New York þar sem saman hafi verið komnir starfsmenn og viðskiptavinir Baugs hf. Þetta hafi verið risna. Sundurliðunin ber með sér að úttektirnar séu að fjárhæð 260,73 dalir en mismunurinn hefur ekki verið skýrður.

Sjötti reikningurinn er að fjárhæð 2.333,33 dalir eða 201.536 krónur. Samkvæmt sundurliðuninni var kortið notað fjórum sinnum. Í tvö skipti í tónlistar verslun, en ákærði bar að hafa verið að kaupa geisladiska fyrir vinnustaðinn í Lundúnum. Í eitt skipti á veitingastað í Miami og kvaðst ákærði þar hafa greitt fyrir veislu sem Baugur hf. hafi haldið starfsmönnum og viðskiptavinum og hafi verið um risnu að ræða. Loks er færsla sem tilgreind er sem árgjald kortsins, en ákærði kvaðst hafa haft heimild til að stofna kortið og ætti hann því ekki að bera kostnaðinn af árgjaldinu.

Sjöundi reikningurinn er að fjárhæð 3.813,23 dalir eða 354.173 krónur. Samkvæmt sundurliðuninni var kortið notað sjö sinnum. Í tvö skipti í tónlistar verslun, en ákærði bar að hafa verið að kaupa geisladiska fyrir vinnustaðinn í Lundúnum. Í eitt skipti er úttekt í fríhöfn er ákærði kvað hafa verið á vegum fél agsins. Í fjögur skipti eru úttektirnar greindar sem garðvörur og íhlutir og bar ákærði að þarna hefði hann keypt garðsláttuvél. Sundurliðunin ber með sér að úttektirnar séu að fjárhæð 3.800,83 dalir og kvað ákærði mismuninn á henni og reikningnum vera vegna þess að Jón Gerald væri að innheimta þóknun fyrir þjónustu sína.

Áttundi reikningurinn er að fjárhæð 1.525,78 dalir eða 155.357 krónur. Samkvæmt sundurliðuninni var kortið notað þrettán sinnum. Í eitt skipti voru keyptir aðgöngumiðar í Disney World, en ákærði bar að það hafi verið hluti af persónulegri risnu hans. Í eitt skipti hafi hann keypt bók um viðskipti á netinu. Þá

hafi í þrjú skipti verið greiddur símakostnaður. Einnig hafi verið keyptir geisladiskar til að nota um borð í bátnum. Allar aðrar færslur hafi verið vegna kostnaðar við fund sem haldinn hafi verið í Flórída.

Níundi reikningurinn er að fjárhæð 445,55 dalir eða 44.056 krónur. Samkvæmt sundurliðuninni var kortið notað þrisvar sinnum og alltaf í tónlistarverslunum. Ákærði bar að hann hefði keypt geisladiska til að nota um borð í bátnum og á vinnustað í Lundúnum. Sundurliðunin ber með sér að úttektirnar séu að fjárhæð 415,55 dalir og kvað ákærði mismuninn á henni og reikningnum vera vegna þess að Jón Gerald væri að innheimta þóknun fyrir þjónustu sína.

Tíundi reikningurinn er að fjárhæð 1.209,99 dalir eða 121.785 krónur. Samkvæmt sundurliðuninni var kortið notað sex sinnum, tvisvar í tónlistarverslun og fjórum sinnum á veitingastöðum. Ákærði bar að hann hefði keypt geisladiska í tónlistarverslunum til að nota á vinnustað í Lundúnum og greitt risnu á vegum Baugs hf. á veitingastöðum í New York.

Ellefti reikningurinn er að fjárhæð 247,04 dalir eða 26.372 krónur. Samkvæmt sundurliðuninni var kortið notað tvisvar sinnum, einu sinni í tónlistarverslun og einu sinni bókaunderslun. Ákærði bar að annars vegar hafi hann keypt bók eftir merkan fræðimann í viðskiptalífínu og hins vegar geisladiska eða hugsanlega tímarit fyrir vinnustaðinn í Lundúnum.

Tólfti reikningurinn er að fjárhæð 458,81 dalur eða 46.789 krónur. Samkvæmt sundurliðuninni var kortið notað fjórum sinnum, þrisvar í tónlistarverslun og einu sinni í tískuvöruverslun. Ákærði bar að hann hefði keypt geisladiska í tónlistarverslunum til að nota á vinnustað í Lundúnum. Úttektin í tískuvöruversluninni hafi verið vegna þess að í vinnuferð á vegum Baugs hf. hafi hellst rauðvín yfir sig og hann orðið að henda fötum. Þar eð hann hafi ekki átt til skiptanna hafi hann keypt sér ný föt. Sundurliðunin ber með sér að úttektirnar séu að fjárhæð 390,52 dalir og hefur mismunurinn ekki verið skýrður.

Þrettándi reikningurinn er að fjárhæð 313,58 dalir eða 31.781 króna. Samkvæmt sundurliðuninni var kortið notað þrisvar sinnum. Einu sinni í fríhöfn, en þar kvaðst ákærði hafa keypt sér reiknivél þar eð sams konar vél hefði verið stolið frá sér. Einu sinni kvaðst ákærði hafa notað kortið til að kaupa geisladiska í Lundúnum og gaf sömu skýringar á þeim kaupum og áður hefur verið getið. Loks er ein færsla vegna árgjalds kortsins.

Jón Ásgeir Jóhannesson bar að hann hefði gefið leyfi fyrir nefndu greiðslukorti sem gefið var út á nafn Nordica Inc. Þá hafi Jóni Gerald verið gefin fyrirsmæli um að einkakostnaður ákærða ætti ekki að innheimtast hjá Baugi hf. heldur átti að gera ákærða reikning fyrir honum. Sérstaklega aðspurður um geisladiskakaup ákærða bar Jón Ásgeir að þau hafi verið á vegum félagsins, enda hafi ákærði séð um þau mál hjá því.

Jón Gerald bar að ákærði og Jón Ásgeir hefðu haft greiðslukort frá American Express sem hafi verið tengd sínu korti. Sundurliðaða reikninga fyrir kortanotkun þeirra hafi fyrirtæki sitt fengið. Jón Gerald kvað ákærða hafa gefið þau fyrirsmæli að gerður yrði einn reikningur á Baug hf. vegna kortanotkunar ákærða sem hann myndi senda félaginu og texti hans hafi átt að vera ferðakostnaður. Ekki hafi mátt

flokka úttektirnar og aldrei hafi komið til tals að senda ákærða sjálfum reikning vegna útgjalda hans. Ákærði hafi aldrei látið sig fá afrit af kvittunum vegna notkunar hans á kortinu, aldrei óskað eftir að fá send greiðslukortayfirlit og aldrei gert athugasemdir við reikningana sem sendir voru Baugi hf. Þá kvað Jón Gerald það alrangt að ákærði hefði látið hann hafa peninga til að greiða úttektir sínar með kortinu. Jón Gerald kannaðist ekki við að keyptir hefðu verið geisladiskar til að spila um borð í bátnum, hann kvað menn hafa stundum komið með íslenska diska, en þeir hefðu verið fáir.

Linda Jóhannsdóttir kvaðst ekki hafa vitað að ákærði hefði haft greiðslukortið, enda hefði sér ekki komið það við. Hún bar að ákærði hefði samþykkt reikningana og hún hefði ekki séð undirgögn með þeim.

Jóhanna Waagfjörð, sem var fjármálastjóri Baugs hf. frá 1. september 2001, bar á sama hátt og Linda.

Jóhannes Jónsson bar að hann hefði verið staddur í verslun í Miami þegar ákærði hafi keypt sláttudráttarvél og greitt fyrir hana með greiðslukorti. Ákærði hefði tekið það fram við Jón Gerald að þetta væru útgjöld sem ættu að færast á hann sjálfan en ekki Baug hf.

Þá hafa verið leidd nokkur vitni sem hafa borið að þau hafi snætt með ákærða á veitingastöðum í Bandaríkjunum í boði hans á vegum Baugs hf. Enn fremur vitni sem hafa borið að þau hafi verið viðstödd þá er ákærði keypti hljómdiska og að þau hafi heyrt spilaða tónlist um borð í bátnum. Ekki þykir þörf á að greina frekar frá þessum framburði.

Í tengslum við starfslok ákærða hjá Baugi hf. var gengið frá uppgjöri við hann vegna greiðslukortsins. Var um fullnaðaruppgjör að ræða og því lýst yfir af hálfu aðila að hvorugur ætti kröfur á hinn vegna notkunar kortsins.

Ákærði notaði greiðslukortið eins og að framan var rakið. Hann hefur borið að verulegur hluti útgjaldanna hafi verið vegna Baugs hf. en til annarra hafi hann mátt stofna vegna ákvæðis í ráðningarsamningi sínum um dagpeninga og risnu. Loks hafi hann á endanum gert upp skuld sína og sé því ekki sekur um fjárdrátt.

Dómurinn fellst á að útgjöld vegna árgjalds kortsins, símakostnaður, kostnaður á veitingastöðum, kaup á bókum, skjalatösku, reiknivél og öðrum tækjum hafi verið útgjöld sem Baugur hf. hafi átt að bera. Svo virðist sem Jón Gerald hafi lagt þóknun á úttektirnar samkvæmt kortinu eins og rakið var. Með því að kortið var á vegum Baugs hf. verður að líta svo á að þessi þóknun sé útgjöld er félagið verði að bera. Langoftast var kortið notað til að greiða fyrir geisladiska sem ákærði hefur borið að notaðir hafi verið um borð í bátnum og á vinnustöðum Baugs hf. í Lundúnum og New York. Vitni hafa borið um tónlistaráhuga ákærða og Jón Ásgeir tók svo til orða að hann hefði séð um þau mál hjá Baugi hf. Að þessu virtu þykir dómnum ekki alveg nægilega sannað að kaup ákærða á diskunum hafi ekki verið á vegum Baugs hf. Þá þykir mega fella kaup ákærða á fatnaði í stað fata sem skemmdust í vinnu hjá Baugi hf. undir útgjöld er félagið hafi átt að bera.

Hins vegar teljast kaup á fatnaði í tískuverslunum vera einkaútgjöld ákærða, eins og hann hefur reyndar játað, en ósannað er að hann hafi greitt Jóni Gerald

úttektirnar með peningum eins og ákærði heldur fram. Þessu hefur Jón Gerald neitað og engin gögn eru til stuðnings þessari fullyrðingu ákærða, sem hefði borið að leiðrétta reikninga frá Jóni Gerald í samræmi við greiðslurnar. Á sama hátt eru aðgöngumiðar í Disney World, kaup á golfsetti og sláttudráttarvél og öðrum garðvörum og íhlutum, einkaútgjöld ákærða, svo og kaup á skóm til nota um borð í bátnum. Hafi ákærði gefið Jóni Gerald fyrirmæli um að gera sér reikning fyrir sláttudráttarvélinni, eins og Jóhannes Jónsson ber, hefði ákærði á sama hátt átt að sjá til þess að þessi útgjöld yrðu sérgreind þegar honum barst reikningurinn, en það gerði hann ekki.

Af framburði ákærða og Jóns Ásgeirs verður sú ályktun dregin að ákærða hafi verið heimilt að nota greiðslukortið til að greiða einkaútgjöld. Þeir bera báðir að Jón Gerald hafi átt að sjá til þess að einkaútgjöld ákærða væru aðgreind og honum gerður reikningur fyrir þeim. Þessu hefur Jón Gerald hafnað og borið að ákærði hafi lagt fyrir sig að senda reikninga með tilgreindum texta, eins og rakið var. Þessi framburður Jóns Geralds fær stuðning í því að allir reikningarnir, sem ákært er fyrir, eru með texta sem ekki er í samræmi við það sem Nordica Inc. var að greiða. Allir þessir reikningar bást ákærða sem samþykkti þá til greiðslu af Baugi hf. sem greiddi þá Nordica Inc. Ákærða, sem einn notaði greiðslukortið, hlaut þó að vera ljóst að samkvæmt þessum reikningum var verið að greiða úttektir sem voru einkaútgjöld hans. Honum bar því að kalla eftir sundurliðun frá Jóni Gerald og sjá til þess að einkaútgjöld sín væru færð sem slík og það sem tilheyrði félaginu fært á viðeigandi hátt. Þetta gerði ákærði ekki heldur lét Baug hf. greiða alla þessa reikninga. Það er niðurstaða dómsins að með þessu hafi ákærði gerst sekur um fjárdrátt varðandi þau tilvik þar sem um einkaútgjöld hans var að ræða, eins og framan var rakið. Fjárdráttur ákærða nemur samtals 547.985 krónum og er fjárhæðin fundin út eftir sundurliðun lögreglu sem er meðal gagna málsins. Um er að ræða í fyrsta reikningi kaup á vörum í GAP tískuvöruverslun fyrir sem nemur 7.330 krónum. Í öðrum reikningi eru kaup á sundlaugarskóm fyrir 7.295 krónur. Í þriðja reikningi eru kaup í þessari sömu verslun, GAP Kids og Alfs Golf Shop fyrir samtals 166.317 krónur. Þá er í sjöunda reikningi um að ræða kaup á garðvörum og íhlutum hjá Sears Roebuck fyrir samtals 342.339 krónur. Loks er í áttunda reikningi greiðsla vegna aðgöngumiða í Walt Disney World að fjárhæð 24.704 krónur.

V

Í II. kafla var komist að þeirri niðurstöðu að atferli það sem lýst er í ákæruliðum 4, 5, 8, 9 og 10 væri ekki brot á hlutafélagalögum, eins og ákærða, Jóni Ásgeiri, er gefið að sök og verður hann því sýknaður af ákærinni hvað þessa liði varðar.

Dómurinn hefur hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að atferli sem lýst er í 2., 3., 6 og 7. ákærulið sé brot á þeim ákvæðum hlutafélagalaga sem rétt eru tilgreind í ákærinni.

Í ákærinni er atferli ákærða samkvæmt ákæruliðum 3 og 6 talið varða við 1. mgr. 104. gr., sbr. 2. tl. 153. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 og atferli ákærða samkvæmt ákæruliðum 2 og 7 eru talin varða við 2. mgr. 104. gr., sbr. 2. tl. 153. gr.

sömu laga.

104. gr. hlutafélagalaga er í XII. kafla laganna sem ber heitið Arðsúthlutun, varasjóðir o.fl. Samkvæmt 1. mgr. 104. gr. er hlutafélagi hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins, eða móðurfélags þess, lán né setja tryggingu fyrir þá. Félagi er einnig óheimilt að veita þeim lán eða setja fyrir þann tryggingu sem giftur er eða í óvígðri sambúð með aðila samkvæmt 1. málslíð eða er skyldur honum að feðgatali eða niðja ellegar stendur hlutaðeigandi að öðru leyti sérstaklega nærri. Ákvæði þessarar málsgreinar taka þó ekki til venjulegra viðskiptalána.

Samkvæmt 2. mgr. má hlutafélag ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess hvort heldur móðurfélagið er hlutafélag eða einka hlutafélag. Hlutafélag má heldur ekki leggja fram fé né setja tryggingu í tengslum við slík kaup. Ákvæðin eiga þó ekki við um kaup starfsmanna félagsins eða tengds félags á hlutum eða kaupum á hlutum fyrir þá.

Samkvæmt 2. tl. 153. gr. hlutafélagalaga varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að brjóta vísvitandi ákvæði laganna um lán eða tryggingu til handa hluthöfum o.fl. (104. gr.).

Eins og hér kemur fram lýtur verknaðarlýsing 104. gr. ekki að athöfnum einstaklings heldur hlutafélags. Í 153. gr. er engin verknaðarlýsing heldur vísar hún til 104. gr. Í 4. mgr. 104. gr. segir að hafi félagið innt af hendi greiðslur í tengslum við ráðstafanir sem andstæðar eru 1. og 2. mgr. skuli endurgreiða þær með dráttar vöxtum. Og í 5. mgr. segir að ef ekki er unnt að endurgreiða féð eða afturkalla tryggingu séu þeir sem gerðu eða framkvæmdu síðar ráðstafanir samkvæmt 1. og 2. mgr. ábyrgir fyrir tapi félagsins.

Í 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. lög nr. 97/1995, segir að engum verði gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað, eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Þetta ákvæði hefur í framkvæmd verið talið gera ákveðnar kröfur til skýrleika refsiheimilda, meðal annars með hliðsjón af túlkunum á 6. og 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Hér að framan voru rakin þau ákvæði 104. gr. laga nr. 2/1995 sem ákærvaldið telur ákærða hafa brotið. Í þeim ákvæðum er lagt bann við tilteknum athöfnum hlutafélags en ekki einstaklings. Þá er í greininni kveðið á um hvernig brugðist skuli við ef veitt eru lán eða tryggingar í andstöðu við bann greinarinnar. Í 2. tl. 153. gr. laganna er einungis sagt að það varði refsingu að brjóta gegn 104. gr. eins og rakið var. Samkvæmt þessu er verulegur brestur á að refsiheimild 104. gr. sé svo skýr að hægt sé að dæma einstakling á grundvelli hennar. Af þessari ástæðu og með vísan til 69. gr. stjórnarskrárinnar er óhjákvæmilegt að sýkna ákærða af ákærinni hvað þessa líði varðar.

Ákærði, Tryggvi, hefur verið sakfelldur fyrir fjárdrátt eins og rakið var í IV. kafla og varðar brot hans við 247. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði var dæmdur í 9 mánaða skilorðsbundið fangelsi með dómnum 3. maí sl. Hann hafði ekki áður sætt refsingu. Verður sá dómur nú tekinn upp og dæmdur með þessu máli. Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga er refsing ákærða hæfilega ákveðin 12

mánaða fangelsi en skilyrði eru til að skilorðsbinda hana og skal hún falla niður að liðnum 2 árum frá birtingu dómsins fyrir ákærða, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði, Jón Gerald, var sakfelldur eins og rakið var í III. kafla og varðar brot hans við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald. Ákærða hefur ekki áður verið refsað. Refsing hans er hæfi lega ákveðin 3 mánaða fangelsi en skilyrði eru til að skilorðsbinda hana og skal hún falla niður að liðnum 2 árum frá birtingu dómsins fyrir ákærða, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Ásgeirs, Gests Jónssonar hrl., 400.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, skulu greidd úr ríkissjóði.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Tryggva, Jakobs R. Möller hrl., 400.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, skulu greidd af ákærða að 1/3 hluta en að 2/3 hlutum úr ríkissjóði.

Með dómi Hæstaréttar 1. júní sl. var fellt úr gildi ákvæði héraðsdóms frá 3. maí sl. um málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Geralds, Brynjars Nielssonar hrl. Verður nú að ákveða honum málsvarnarlaun fyrir málið sem dæmt var þá og eins það sem nú er dæmt. Eru þau ákveðin 8.100.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og skal ákærði greiða þau, sbr. 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Dóminn kváðu upp Arngrímur Ísberg, héraðsdómari, dómsformaður, Jón Finnbjörnsson, héraðsdómari, og Garðar Valdimarsson, hæstaréttarlögmaður og lög giltur endurskoðandi.

Dómsorð

Ákærði, Jón Ásgeir Jóhannesson, er sýknaður af kröfu ákærvaldsins.

Ákærði, Tryggvi Jónsson, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði, Jón Gerald Sullenberger, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Fresta skal fullnustu refsinga ákærðu og falli þær niður að liðnum 2 árum frá birtingu dómsins fyrir þeim, haldi þeir almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Ásgeirs, Gests Jónssonar hrl., 400.000 krónur, skulu greidd úr ríkissjóði.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Tryggva, Jakobs R. Möller hrl., 400.000 krónur, skal ákærði greiða að 1/3 hluta, en að 2/3 hlutum skulu þau greidd úr ríkissjóði.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Geralds, Brynjars Níelssonar
hrl., 8.100.000 krónur skal ákærði greiða.

Arngrímur Ísberg

Jón Finnbjörnsson

Garðar Valdimarsson